



Borgarstjórnarflokkur Pirata fór í vettvangsferð á framkvæmdasvæðið við Nauthólsveg 100. Óhætt er að segja að framúrkeyrsla í kostnaði og óhóf hafi vakið hörð viðbrögð að undanfögnu. Í forgrunni við Dóru Björt Guðjónsdóttur, oddvita Pirata, eru hin margumtöluðu dónsku strá sem kostaði rúma milljón að kaupa og gróðursetja. Sjá síðu 4 FRÉTTA BLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ekki búið að semja um aðild Íslands

Ísland hefur ekki skrifað undir samkomulag við Dani og Norðmenn um sameiginleg lyfjakaup. Mögulegir þátttakendur í útboðinu hafa lýst efasemdum um aðkomu Íslands að verkefninu vegna smæðar markaðarins hér á landi. Pólitískur vilji þó enn til staðar.

HEILBRIGÐISMÁL Ísland hefur ekki skrifað undir samkomulag um þátttöku í samnorrænu lyfjaútboði sem á að fara fram í byrjun árs. Lyfjafyrirtæki lýstu yfir áhyggjum af aðild Íslands að útboðinu á sameiginlegum fundi með mögulegum aðildarríkjum í lok síðasta mánaðar. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir mikilvægt að ná niður kostnaðinum við lyfjakaup.

Undirbúningsvinna vegna hins sameiginlega lyfjaútboðs hefur verið á hendi Amgros í samvinnu við stjórnvöld og stofnanir landanna.

Völdum tilbodsjöfum var boðið á kynninguna sem var haldin í Danmörku þann 28. september síðastliðinn. Að henni lokinni gafst tækifæri til umræðna um útboðskröfur, markaðsleyfi og afhendingu lyfja.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins komu fram á fundinum áhyggjur og óánægja tilbodsgefaanna með að Ísland verði mögulegur aðili að útboðinu og þá hvernig Ísland gæti verið aðili. Fyrirtækin hafa áhyggjur af því að hér á landi geti ekki verið til samkeppnismarkaður um lyf vegna smæðar markaðarins

» Amgros er opinbert lyfjainnkaupafyrirtæki Danmerkur og var stofnað til að búa til stærðarhagkvæmni og ná niður kostnaði ríkisins við lyfjainnkaup.

samanborið við markaðinn í Danmörku og Noregi sem séu margfalt stærri.

„Það er mikilvægt fyrir Ísland og Norðurlöndin að finna leiðir til að standa saman í þessum efnunum.“

Þetta er mikilvægt hagsmunamál fyrir notendur heilbrigðiskerfa á Norðurlöndum,” segir Svandís.

Eins og staðan er núna hafa aðeins Noregur og Danmörk skrifað undir samkomulag um að taka þátt í þessu sameiginlega útboði. Íslendingar og Svíar hafa ekki gert það.

„Mér er ekki ljóst nákvæmlega hvernig það bar að, en þessu

samtali er ekki lokið og samskipti ríkjanna eru enn í gangi. Við höfum verið í þessum samstarfshópi um árabíl og það er bara ekki að fullu til lykta leitt,” segir Svandís.

Hún segir viljann vera einnig til staðar á Norðurlöndum með aðkomu Íslands að verkefninu. Fréttablaðið hefur einnig staðfest vilja bæði heilbrigðisráðherra Norðmannna og Dana til þess að Ísland verði hluti af útboðinu. — sa



Dagur fer í veikindaleyfi

REYKJAVÍK Dagur B. Eggertsson hóf í fyrradag lyfjameðferð við kvíðarholssýkingu. Síðasta haust fékk hann alvarlega sýkingu sömu gerðar og greindist í kjölfarið með sjaldgæfan gigtar-sjúkdóm. Dagur er vongóður um að sýkingin gangi ekki jafn langt og síðast. Hann verður að minnsta kosti frá vinnu í nokkra daga, að sinni. Aðspurður segir hann ekki á dagskránni að fara í lengra veikindaleyfi. „Ég vonast til að vera orðinn betri eftir helgi, en þarf auðvitað að meta



það með mínum læknum.“ Mikíð hefur mætt á meirihluta borgarstjórnar. Braggamálið svokallaða, hundraða milljóna króna framúrkeyrsla í framkvæmdum á vegum borgarinnar, hefur vakið athygli sem og starfsmannamál Orkuveitunnar, en á hvorum tveggja viggstöðvum fer fram úttekt á því sem þar fór úrskjóðis. Hann segir þau mál komin í farveg og vill ekki slá því föstu að vinnuálag spili inn í veikindin. „Vikurnar eru ólíkar, en það er alltaf álag í þessu starfi.“

— ósk / sjá síðu 2

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Mikil fjölgun keisaraskurða

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta er nákvæmlega það sem við erum að vinna að alla daga, að halda fjölda keisaraskurða niðri eins og við getum,” segir Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur í fæðinga- og kven-



Ebba Margrét Magnúsdóttir.

sjúkdómalækningum. Tíðni keisaraskurða í heiminum hefur aukist verulega. Aðgerðin getur haft áhrif á heilsu móður og barns til skemmrí og lengri tíma en meira er nú um beðnið um óþarfa aðgerðir segir Ebba. — khn / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Hildur Björnsdóttir skrifar um skólamála. 12

SPORT Allt um vináttulandsleik Íslands og Frakklands. 18

TÍMAMÓT Hljómsveitin 13 tungi heldur sína fyrstu tónleika. 48

LÍFID Hildur vill fleiri kvenkyngs lagasmíði og heldur námskeið. 34

FÓLK Guðmundur Hafsteinsson hefur starfað hjá bæði Google og Apple á ævintýralegum ferli. 2

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FYRIRTÆKJAGJAFIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Jólagestir 2018
MÍÐASALA Á HARPA.IS/JOLAGESTIR

Logos for Sýning, FK, and sega are visible at the bottom.

Stelpur stöndum saman Aukum þátttöku kvenna í skimun með kaupum á Bleiku slaufunni

Veður



Suðlæg átt, 5-13 m/s, skýjað og úrkomulítið, en snýst í norðaustan 8-15 m/s í kvöld, hvassast með SA-ströndinni. Rigning um landið A-vert. Hiti 2 til 8 stig. **SJÁ SÍÐU 22**

Var óheimilt að hefta flæði fersks kjöts

DÓMSTÓLAR Ferskar kjötvörur ehf. máttu flytja inn ferskt, ófrosið nautakjöt hingað til lands árið 2014 að mati Hæstaréttar Íslands. Fyrirtækið stefndi ríkinu fyrir að stöðva innflutning fyrirtækisins á 83 kílóum af fersku nautakjöti og farga því. Ríkið þarf því að greiða fyrirtækinu um 300 þúsund krónur í bætur.

Ríkið stöðvaði innflutninginn því ekki hafði verið sýnt fram á að kjötið hefði verið fryst í 30 daga eins og íslensk lög gerðu ráð fyrir. Ferskar kjötvörur kærðu ákvörðunina til EFTA-dómstólsins en hann komst að þeirri niðurstöðu að ríkjum væri ekki heimilt að setja eigin reglur um innflutningshöft á fersku kjöti.

Arnar Þór Stefánsson lögmaður er ánægður með dóm Hæstaréttar sem fór eftir aliti EFTA-dómstólsins.

Hefði haldið að menn myndu ganga í það að breyta lögunum strax líkt og gert var með laxeldið.

Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Ferskra kjötvara



„Hins vegar virðast viðbrögð ráðherra orka tvímælis, að lagt verði fram frumvarp í febrúar til að breyta lögunum. Það er of seint því bannað helst þá í íslenskum lögum fram að því og ríkið verður bótaskilyt frá og með deginum í dag ef aðrir ætla sér að flytja inn ferskt kjöt,“ segir Arnar Þór.

„Að mati Arnars Þórs eru fordæmi fyrir því að flýta lagabreytingum. „Því er hér um að ræða opin tilkka á ríkissjóð sem er ekki gott. Eg hefði haldið að menn myndu ganga í það að breyta lögunum strax líkt og gert var með laxeldi.“ bætir Arnar Þór við. – sa

Glæsilegt jafntefli



Karlandslíðið í fótbolta gerði 2-2 jafntefli við heimsmeistara Frakka í gær. Hér sést Steven Nzonzi í baráttu við Gylfa Sigurðsson. Lengi vel leit út fyrir að Ísland myndi hafa betur en Frakkar skoruðu tvö mörk á lokakaflanum. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Frekari umfjöllun um leikinn má er að finna á síðu 18 og +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús** er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

BHM lagði ríkið

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem ríkið var dæmt til að greiða ljósmæðrum ólögmeta skerðingu launa þeirra í verkfalli ljósmæðra árið 2015. BHM hófðaði málið fyrir hönd ljósmæðra og segir dóminn fullnaðarsigur.

„BHM og Ljósmæðrafélag Íslands



Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM.

fagna því að buið sé að leiðrétta þá framkvæmd sem hefur viðgengist í nokkra áratugi hjá íslenska ríkinu að draga af launum fólks í verkfalli óháð raunveruleg vinnuframlag,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM. „Með dómi Hæstaréttar í dag er staðfest að ljósmæður sem unnu utan lotuverkfalls eiga að fá greitt fyrir vinnuframlag sitt.“ – sa

Sýking tekið sig upp að nýju og borgarstjóri frá

Borgarstjóri er í leyfi meðan hann nær sér af sýkingu. Hann greindist með alvarlegan gigtarsjúkdóm eftir að hafa fengið sömu sýkingu síðasta haust, en sú var alvarlegri. Hann ætlar ekki í langt veikindaleyfi og er vongóður um framhaldið.

REYKJAVÍK Alvarleg sýking, sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fékk í kvíðarholið síðasta haust, hefur tekið sig upp að nýju. Í samráði við lækna var Dagur settur á viðeigandi meðferð í fyrradag til að sýkingin gangi ekki jafn langt og síðast. Hann tekur sér nokkra daga frá vinnu, að sinni. Dagur greindist í sumar með sjaldgæfan gigtarsjúkdóm í kjölfar kvíðarholtsýkingarinnar, svokallaða fylgigigt, sem skerðir hreyfingu hans og getur flakkað á milli liða og lagst á líffæri.

Hann segist ekki ætla í lengra veikindaleyfi að sinni. „Ég tók þá ákvörðun að ég þyrfti að jafna mig og fékk staðgengla til þess að sinna mínum skyldum á meðan. Eg bý svo vel að eiga góða samstarfsmenn. Eg vonast til að til að vera orðinn betri eftir helgi, en þarf að meta það með mínum læknum.“

Mikið hefur mætt á meirihluta borgarstjórnar. Braggamálið svokallaða, hundraða milljóna króna framúrkeyrsla í framkvæmdum á vegum borgarinnar, hefur vakið athygli sem og starfsmannamál Orkuveitunnar, en á hvorum tveggja vigstöðvum fer fram úttekt á því sem þarf fór úrskeiðis. Alagið er mikið og fjölmiðlar liggja á borgarstjóranum. Hann vill ekki slá því föstu að vinnuálag spili inn í veikindin. „Vikurnar eru ólíkar, en það er alltaf álag í þessu starfi. Mér hefur fundist meðferðin ganga vel við gigtinni,“ segir Dagur, sem er á sterkum krabbameinslyfjum til að halda henni niðri.

„Mér hefur þótt ganga vel að sam-eina þetta allt vinnunni. Kannski hef ég gengið á lagið og hlaðið á mig. En



Dagur er með alvarlegan gigtarsjúkdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þetta núna tengist ekki einhverjum fjölmiðlamálum. Það er verra að vera ekki í hringiðunni þegar svona er.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

ég bind vonir við það að ná sýkingunni niður á einhverjum dögum, þó að ég verði á lyfjunum í einhverjar vikur, og að ég verði kominn fljótlega aftur til vinnu,“ útskýrir hann. „Þetta núna tengist ekki einhverjum fjölmiðlamálum. Það er verra að vera ekki í hringiðunni þegar svona

er,“ en bent hefur verið á í pistlum að það sé óheppilegt að nú þegar braggamálið sé í hámæli sé ekki hægt að ná tali af borgarstjóra.

„Ég tók það skref í sumar að segja frá því að ég væri með þennan sjúkdóm og vissi ekki hvernig framhaldið yrði. Það var kannski til þess að það kæmi ekki á óvart ef ég væri oftast með staðgengla eða legði linurnar öðruvísi. Það eru vonbrigði að í fyrsta sinn sem ég hef þurft að taka frí, fari strax á loft samsæriskennningar. Eg vona að lærdómurinn sé ekki sá að manni hefjist fyrir að vera opin. Eg vil ekki að það gangi tröllasögur um að ég liggi fyrir dauðanum.“ **olof@frettabladid.is**

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts

- Lítil orka
- Þröttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spennar
- Kólkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Þirringur



www.mammaveitbest.is

Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

VELKOMIN Á HAFNARTORG

Í dag verða tímamót
í verslunarsögu mið-
borgar Reykjavíkur
með opnun H&M
og H&M Home

Í dag kl. 12 opna fyrstu verslanirnar
á Hafnartorgi: H&M og H&M Home.
Með þessum merkilega áfanga
snýr verslun í miðborginni vörn í
langþráða sókn og lifandi tenging
skapast frá gamla miðbænum yfir í
svæðin kringum Hörpu og höfnina.

Á næstunni opna svo fleiri
spennandi alþjóðlegar verslanir
í rýmum sem eiga enga sína líka
á landinu auk kjallara með meira
en þúsund nýjum bílastæðum.

Verið öll velkomin á Hafnartorg!



Hönnunarljós frá Danmörku keypt fyrir tæpa milljón í braggann

REYKJAVÍK Keyptar voru hönnunarljósakrónur og lampar af íslensku hönnunarfirmirteki í Danmörku fyrir byggingarnar við Nauthólsveg 100. Hönnuðurinn, Hrafnkell Birgisson, segir að keypt hafi verið á bilinu 40 til 50 ljós sem nú prýða hluta þeirra bygginga við braggann umtalaða í Nauthólsvik sem tilbúna eru.

Í sundurliðun kostnaðar vegna framkvæmdanna má sjá greiðslu í maí 2017 upp á 8.450 evrur til Berlinord, sem er hönnunarstofa Hrafnkells. Reikningurinn hljóðar upp á

956.619 krónur. Í heimsókn borgarstjórnarflökkis Pirata í byggingarnar mátti sjá hin glæsilegu ljós prýða byggingarnar eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Hrafnkell hefur rætt hönnun ljósalínunnar í íslenskum fjölmiðlum en í samtali við mbl.is fyrir rúmu ári greindi hann frá því ljósa-krónurnar hafi upphaflega verið hannaðar sem bókunarform en fengið nýtt líf nokkrum árum síðar við góðar viðtökur.

Hrafnkell segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að keypt hafi

verið á bilinu 40-50 lampar og ljós af honum vegna Nauthólsvegur. Út frá því má áætla að kostnaður við hvert stykki sé á bilinu 19-24 þúsund krónur.

Kostnaðurinn við hina ýmsu þætti braggafamkvæmdarinnar hefur vakið hörð viðbrögð að undanförunu, nú síðast voru það dönsk strá sem flutt voru inn með ærnum tilkostnaði. Strá sem landslagsarkitektinn sagði við Fréttablaðið í gær að væri ætlað að skapa strandstemmingu.

— smj



Ljósakrónur Berlinord prýða Nauthólsveg 100. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sameining í kortunum

EFNAHAGSMÁL Ráðherranefnd um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins hefur ákveðið að hefja endurskoðun lagaumgjörðar um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit. Sú vinna miðar að því að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið að því er fram kom í tilkynningu frá Stjórnarráðinu í gær.

„Meginleiðarljós vinnunnar verður að efla traust, gagnsæi og skilvirkni við yfirstjórn efnahagsmála. Miðað skal við að viðhalda verðbólguþröskulmið sem meginmarkmiði peningastefnunnar og sjálfstæði Seðlabankans og peningastefnunefndar hans til að beita stjórnartækjum til að ná því en gera viðeigandi breytingar sem efla traust og auka gagnsæi. Ennfremur skal miðað við að sameina Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið með þeim hætti sem eflir traust og tryggir skilvirkni við framkvæmd þjóðhagsvarúðar og fjármálaeftirlits,” segir í tilkynningunni.

Verður yfirstjórn verkefnisins í höndum ráðherranefndar um efnahagsmál og endurskipulagningu fjármálakerfisins sem í sitja forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Á vegum nefndarinnar starfar verkefnisstjórn um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit, skipuð af forsætisráðherra.

Verkefnisstjórnin skal skila drögum að lagafrumvörpum til nefndar eigi síðar en 28. febrúar 2019. — þfh

Líkur á samfloti VR og SGS hafa aukist til mikilla muna

Formaður VR er bjartsýnn á að samflot með SGS verði að veruleika í komandi kjaraviðræðum. Mun bjóða sig fram sem fyrsta varaforseta ASÍ. Formaður Eflingar er ánægð með kröftuga kröfugerð SGS.

KJARAMÁL „Miðað við kröfugerð Starfsgreinasambandsins finnst mér líkurnar á samfloti hafa aukist til mikilla muna. Ég sé mikinn samhljóð milli okkar og ekki nein efnisleg atriði sem við myndum setja okkur upp á móti,” segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Stjórn VR hefur samþykkt kröfugerð félagsins en hún var í gær kynnt fyrir fulltrúum VR á þingi ASÍ sem fram fer eftir um tvær vikur.

Ragnar Þór hefur ákveðið að gefa kost á sér í embætti fyrsta varaforseta ASÍ á þinginu.

„Ég vonast til að þingið marki tímamót og það verði dregið strik í sandinn varðandi þau átök sem verið hafa innan verkalyðshreyfingarinnar. Þannig getum við einbeitt okkur að því að fara að vinna saman.”

Kröfugerð VR verður lögð fram til formlegrar samþykktar hjá trúnaðaráði félagsins næstkomandi mánu dagskvöld.

„Það hafa aldrei jafn margir komið að kröfugerð félagsins. Um 3.700 félagsmenn svöruðu könnun og svo var um 120 manna hópur í baklandinu sem vann úr þeim niðurstöðum.”

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sem er stærsta aðildarfélag



Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, og Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, kynntu kröfugerð SGS á miðvikudaginn. Verði af samfloti við VR myndi það ná til um 100 þúsund félagsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kröfugerðir verða að taka mið af efnahagslegum raunveruleika. Það gerir kröfugerð SGS ekki.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

SGS, segir samflot með VR algjört lyklatríði til þess að árangur náist í komandi kjaraviðræðum.

„Ég er ánægð með að við náðum að móta svona kröftuga kröfugerð og leyfi mér að vera bjartsýn á framhaldi þvi þetta eru eðlilegar og sanngjarnar kröfur. Félagsmenn hafa

lýst yfir mikilli gleði og ánægju með kröfugerðina.”

Hún segir að samninganefnd SGS muni hitta Samtök atvinnulífsins í næstu viku til að kynna þeim kröfugerðina.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að sér sýnist kröfugerð SGS ekki taka mið af þeim launahækkunum sem orðið hafa á síðustu árum.

„Það eyðist sem af er tekið. Laun hafa hækkað um 30 prósent og lægstu laun um 40 prósent á gildistíma núverandi samnings. Þetta hefur skilað sér í 25 prósentu aukningu kaupmáttar.”

Geta fyrirtækja til að standa undir

launahækkunum sé nú minni en hún var þegar síðasti kjarasamningur var gerður.

„Kröfugerðir verða að taka mið af efnahagslegum raunveruleika. Það gerir kröfugerð SGS ekki.”

Halldór bendir þó á að ýmislegt fleira sé að finna í kröfugerðinni.

„Það eru fjölmargir fleitir á þessu sem við munum ræða. Ég hef nefnt hús-næðismarkaðinn en einnig styttingu heildarvinnutíma og aukinn sveigjanleika. Það er jákvætt að bæði SA og SGS leggi áherslu á þessi mál. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að bæta lífskjör Íslendinga. Um það snýst verkefnið.”

sighvatur@frettabladid.is



Stöndum með stelpunum

Kaupum bleiku slaufuna

Sturtuveisla!



Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill panel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

Verðdæmi
Stærð 80x80 cm
64.900

Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Sturtustangasett fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

Verðdæmi
Stærð 80x80 cm
49.900



Vandaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Einnig fylgir sturtustangasett.

Stærðir
70 x 90 cm.

Verð
Stærð 70x90 cm
73.900

Sturtuklefi úr öryggisgleri með hvítu gleri í baki. Rennihurð með 8 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill glerpanel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sjampóhilla fylgir. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás.

Stærð
90 x 90 cm.

Verð
Stærð 90x90 cm
83.900



**Gæði, úrval
& gott verð**

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is





Jóhannes Rúnarsson er framkvæmdastjóri Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fleiri tilfelli hjá Strætó en uppgengið var

STJÓRNSÝSLA Strætó hefur ráðið sumarafleysingafólk í gegnum starfsmannþjónustuna Elju síðustu þrjú sumur en ekki einungis nýliðið sumar eins og segir í yfirlýsingu fyrirtækisins til fjölmiðla í gær. Í yfirlýsingunni er því hafnað að brotið sé á réttindum og kjörum starfsmanna Strætó eins og Sanna Magdalena Mörtdóttir, borgarfulltrúi Sosialistaflokks Íslands, hefur haldið fram.

Í minnisblaði Strætó dagsettu 26. febrúar 2016 segir að illa hafi gengið að ráða í sumarafleysingar. Ástæðurnar sem sagðar eru vera fyrir þeim erfiðleikum eru skortur á bílstjórum með meirapróf á Íslandi og neikvæð fjölmiðlaumfjöllun um fyrirtækið. Vegna sívaxandi yfirvinnu starfsmanna og riðlunar sumarleyfa vegna mannektu hafi það ráð verið tekið að leita til starfsmannþjónustunnar Elju um ráðningar til sumarafleysinga. Starfsmennirnir fóru á launaskrá hjá Strætó en Elja sá þeim fyrir húsnæði og var leiga fyrir það dregin af launum þeirra.

Þetta eru ekki neindir kútaskápar eins og maður hefur heyrt talað um

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó

„Jú, við höfum gert þetta frá 2016 en málið er fyrst og fremst að koma upp núna og við ákváðum að vera ekkert að fara aftur í tíma, enda stærðargráðan allt önnur nú en þá,“ segir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó. Hann segir að um hafi verið að ræða fjóra til fimm starfsmenn fyrstu sumrin en þörfin hafi verið mun meiri síðastliðu sumari.

Aðspurður segir Jóhannes Strætó hafa tekið út það húsnæði sem starfsmennirnir fengu hjá Elju. Um hafi verið að ræða hefðbundin íbúðarhúsnæði. „Þetta eru ekki neindir kútaskápar eins og maður hefur heyrt talað um.“

Hann segir að eftir á að hyggja hafi ekki verið rétt að draga kostnað þriðja aðila af launum viðkomandi og muni það ekki verða gert aftur. Þá eigi eftir að skoða vandlega hvort þessi leið verði yfirhöfuð farin aftur í framtíðinni. –aa

Eyðileggingin algjör



Það var ekki falleg sjón sem blasti við þessum Flórídamanni þegar hann gekk um götur Panama City í gær. Fjórða stígs fellibylurinn Michael hafði gengið þar yfir með tilheyrandi hamförum. Michael er nú orömm hitabeltisstormur og óð hann yfir Georgíu og Karólínuríkin í gær áður en hann hélt út á haf. Stormurinn stefnir nú í átt að Bretlandseyjum. Að minnsta kosti tvö hafa látið lífið í hamförunum. Þar af eitt barn. NORDICPHOTOS/AFP

Rafræn birting sparar mikið

ALÞINGI Aætlað er að ríkissjóður muni spara 120 milljónir árlega með því að tilkynna um álagningu skatta og gjalda með rafrænum hætti. Þetta kemur fram í greinargerð með frumvarpi þess efnis sem lagt var fram af fjármálaráðherra á Alþingi í gær.

Með frumvarpinu er lagt til að meginreglan í birtingu álagningar skatta og gjalda verði rafræn í stað bréfléiðis.

Ríkisskattstjóra verði heimilt að birta greiðendum upplýsingar um álagningu á Íslandi.

Á hvert renna um 500 milljónir úr ríkissjóði vegna bréfasendinga til einstaklinga og lögaðila en um 120 milljónir þeirrar upphæðar eru komnar til vegna tilkynningar um álagningu gjalda.

Sú upphæð kemur til með að sparast ár hvert verði frumvarpið að lögum. Aætlað er að það gerist um næstu áramót. –joe

Segir fjölmiðlanefndina hafa eyðilaggt RÚV-kæru

Magnús Ragnarsson kveðst hafa fengið simtal um að auglýsing um Hafnartorg yrði ekki birt hjá Simanum því fyrirtækið ræki ekki fréttastofu. Ekki verði skorið úr um brot RÚV því fjölmiðlanefnd hafi klúðrað rannsóknarbeiðni.

FJÖLMIÐLAR „Ef það einhvern tíma voru einhverjir rannsóknarhagsmunir í málinu þá eru þeir löngu spiltir,“ segir Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Simans, sem telur Fjölmiðlanefnd hafa ónytt kærumál hans á hendur Ríkisútvarpinu.

Eins og fram hefur komið óskaði Magnús eftir því við Fjölmiðlanefnd að hún hæfi formlega rannsókn „á óeðlilegum tengslum auglýsingasölu og fréttafullnings hjá Ríkisútvarpinu sjónvarpi“, eins og hann orðar það í kæru. Sagði Magnús frétt í sjónvarpsfréttum RÚV um Hafnartorg 1. október síðastliðinn staðfesta „í eitt skipti fyrir öll húseit hjá RÚV. Hann segir málið nú hins vegar fyrir bi.“

„Tilboðinu var hafnað á þeim forsendum að Hafnartorg hefði áhuga á því að vera meira í fréttum og við bjóðum ekki upp á slíka þjónustu,“ segir hann. Aðurnefnd frétt RÚV hafi öll ekki verið annað en aug-



Hafnartorg er miðpunktur ásakana á hendur RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Magnús Ragnarsson, framkvæmdastjóri sölusviðs Simans.

lýsing. „Þörf Hafnartorgs núna er að klára að selja húsnæði. Þessi frétt er hluti af því verkefni.“

Í kærunni til Fjölmiðlanefndar óskaði Magnús eftir því að gerð yrði húseit hjá RÚV. Hann segir málið nú hins vegar fyrir bi.

„Með því að taka málið ekki fyrir sérstaklega eða leiðbeina um aðra málsméferð heldur senda kæruna bara beint til Ríkisútvarpsins er Fjölmiðlanefnd búin að tryggja að það verður aldrei fengin nein öggj-

andi niðurstaða í þessu máli,“ segir Magnús.

Þótt Magnús telji þetta mál úr sögunni segir hann fleiri mál sem tengist RÚV til skoðunar hjá eftirlitsaðilum. Nefnir hann að samkeppnisrekstur RÚV sé ekki í sérstökum félögum eins og lög bjóði og að til skoðunar sé hvortun var staðið að auglýsingasölu fyrir HM í fótbolta.

„Það eru ekki til staðar þessir Kinamúrur sem Rakel Þorbergsdóttir [fréttastjóri RÚV] visar í. Þeir eru imyndadör.“

Þess ber að geta að á ruv.is var í fyrrakvöld haft eftir Rakel Þorbergsdóttur að ásakanir Magnúsar væru grafalvægar og atvinnurögur. Í kvörtun hans væri aðeins að finna „rakalausar dylgjur og hugarburð“. gar@frettabladid.is

weber gæði... ending... ánægja.

skoðaðu úrvallið á Weber.is

Blússa
1.495 kr.

H&M OPNAR Á HAFNARTORGI Í DAG KL.12

20% afsláttur af öllum vörum frá kl. 12.00 til 14.00. Sjáumst á Hafnartorgi!

THE ORIGINAL
MORRIS & CO

×

H&M

Búlgarskur blaðamaður segir áhyggjur af líkamlegu öryggi sínu of tímafrekar

Ritstjóri vefmiðilsins Bivol í Búlgaríu ræðir við Fréttablaðið um fréttir sínar af fjársvikum og spillingu við meðferð Evrópustyrkja í Búlgaríu og um morðið á fjölmiðlakonunni Victoriu Marinovu sem fjallaði um fréttir hans. Styrkir til Búlgaríu eru einnig fjármagnaðir af íslensku skattfé. 566 milljónir króna fara til styrkja í Austur-Evrópu gegnum EES-sjóð. Blaðamenn segja gegnsæi um styrkina afleitt.

BÚLGARÍA Victoria Marinova er þriðji starfsmaður fjölmiðla í Austur-Evrópu sem fallið hefur fyrir hendi morðingja á þessu ári. Skömmu fyrir morðið birtist viðtal hennar við tvo blaðamenn um misferli í Búlgaríu með styrkfé frá Evrópusambandinu. Sömu blaðamenn voru handteknir um miðjan síðasta mánuð af búlgörsku lögreglunni og frelsissviptir í meira en 7 klukkustundir eftir að þeir fylgdu eftir ábendingu um mikið af gögnum sem kveikt hafði verið í á túni utan við borg eina í Búlgaríu.

Rúmlega tvitugur búlgarskur maður af Rómáætum er í haldi lögreglu vegna málsins en rúmenskum manni, sem fyrst var handtekinn vegna málsins, var sleppt úr haldi skömmu áður en Rómamaðurinn var handtekinn.

„Við þurfum að sjá hvaða sönnunargögn þeir hafa gegn þessum manni áður en við getum dregið ályktanir,“ segir Atanas Tchobanov ritstjóri búlgarska miðilsins Bivol.bg sem birti fréttir af styrkjamiðferlinu í Búlgaríu. Hann segir fjölmiðla í Búlgaríu ekki alltaf áreiðanlega enda algengt að lögreglan leki röngum upplýsingum til fjölmiðla. Samkvæmt fréttum þyki hinn búlgarski Rómamaður passa fullkomlega inn í prófil kynferðislega brennlaðs manns. Hann hafi verið mjög drukinn og falið sig í runna og beðið næsta fórnarlamb þar. Eigur Victoriu hafi fundist heima hjá honum.

Annar blaðamannanna sem Victoriu tók viðtal við skömmu fyrir morðið er starfsmaður Bivol og segir Atanas blaðamenn miðilsins hafa fengið hótanir eftir fréttalutninginn. Eftir fréttalutning viðta um heim af handtöku blaðamannanna voru þrjú háttsettir embættismenn í Búlgaríu sendir í tímabundið leyfi frá störfum en Atanas segir að þar fyrir utan hafi fréttalutningur þeirra hvorki vakið mikið viðbrögð þarlendra yfirvalda né stofnana Evrópusambandsins. Ekki fyrr en eftir að málið fékk alþjóðlega athygli vegna morðsins.

Sannleikurinn sigrar alltaf

Atanas er sjálfur búsettur í París og kollegi hans á Bivol hefur haldið til í Leipzig. „Hann er í Búlgaríu núna, en ef við teljum öryggi hans ógnað með einhverjum hætti þá komum við honum strax úr landi,“ segir Atanas og játar því aðspurður að hafa áhyggjur af öryggi sínu og kollega sína. „Auðvitað hittir þetta okkur illa fyrir. Við vinnum ekki við að hafa áhyggjur af líkamlegu öryggi heldur að afla og segja fréttir og það étur upp bæði tíma og orku að hafa áhyggjur af öryggi okkar. Það sem heldur okkur á floti er samt að sannleikurinn sigrar alltaf. Á endanum.“

Það vakti athygli víða hve snögglega yfirvöld í Búlgaríu fullyrty eftir að lík Victoriu fannst að morðið tengdist ekki vinnu hennar með neinum hætti. Forsætisráðgjafi landsins, Boyko Borissov hefur í fjölmiðlum farið hörðum orðum um þá sem tengt hafa morðið við umfjöllun Victoriu um spillingu og talað um ófrægingarherferð gegn landinu.

Eftir að seinni maðurinn var handtekinn vegna morðsins birti Jean Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópu, yfirlýsingu og fagnaði öruggum viðbrögðum forsætisráðherrans og búlgarskra yfirvalda sem leitt hefðu til handtöku mannsins. Aðrir háttsettir embættismenn í Brussel hafa hins vegar lýst áhyggjum af öryggi fjölmiðlafólks í Evrópu og segjast munu fylgjast náið með rannsókn málsins.



Almennir borgarar minnstust fjölmiðlakonunnar Victoriu Marinovu með blómum og kertum í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu, síðastliðinn mánudag. NORDICPHOTOS/GETTY

Frá fyrstu frétt til morðs og handtöku

10. september

■ Fyrsta frétt blaðamanna Bivol af misferli með styrkfé.

13. september

■ Blaðamenn Bivol handteknir af búlgörsku lögreglunni á vettvangi skjalbrennu sem þeir höfðu fengið upplýsingar um.

14. september

■ Fréttir af handtökunni birtast í fjölmiðlum víða um heim.

30. september

■ Viðtal Victoriu Marinovu við blaðamennina sýnt í sjónvarpi.

4. október

■ Háttsettir búlgarskir embættismenn sendir í leyfi

vegna fréttanna um misferlið.

6. október

■ Victoria Marinova myrt.

7. október

■ Ráðherra í Búlgaríu segir ekkert benda til þess að morðið tengist vinnu Victoriu.

7. október

■ Embættismenn í Brussel fordæma morðið.

8. október

■ Forsætisráðgjafi Búlgaríu fordæmir umfjöllun um tengsl morðsins við spillingu í landinu.

8. október

■ Rúmenskur karlmaður handtekinn vegna morðsins.

9. október

■ Hinn grunaði Rúmeni látinn laus.

10. október

■ Búlgarskur karlmaður handtekinn í Þyskalandi vegna morðsins. Lögregla segir að DNA-sýni af líki Victoriu tengi hann við morðið.

10. október

■ Jean-Claude Juncker fagnar skjótum og árangursríkum vinnubrögðum búlgarskra yfirvalda við rannsókn málsins.

Íslenskt skattfé í Búlgaríu

Atanas vekur athygli á að Búlgaríu þiggi einnig styrki frá uppbyggingarsjóði EES og ferli þeirra styrkja sé mjög áþekkt Evrópusambandsstyrkjunum. Uppbyggingarsjóður EES er fjármagnaður með skattfé frá Noregi, Íslandi og Liechtenstein. Í fjárlagafrumvarpi sem nýverið var lagt fram er gert ráð fyrir að framlag Íslands á næsta ári verði meira en hálfur milljarður, eða 566 milljónir króna og gert er ráð fyrir stórfleiddri aukningu á næstu árum þannig að framlagið verði komið yfir milljarð árið 2021.

Atanas tekur fram að hann hafi ekki orðið var við misferli með styrkfé úr EES-sjóðnum en rannsóknin hafi hins vegar ekki beinst að þeim sjóði eða verkefnum sem njóta styrkja úr honum.

Fréttablaðið greindi um mitt síðasta ár frá rannsóknunum Gunnars Thorenfeldt hjá Dagbladet í Noregi á misferli með styrkfé úr uppbyggingarsjóðnum í löndum í Austur-Evrópu. Eftir að hafa komið að lokuðum dyrum í Brussel og Noregi leitaði hann til íslenska utanríkisráðuneytisins með upplýsingabeiðni en var sýnað að aðgang að upplýsingum á þeim grundvelli að upplýsingarnar vorðu ölu milliríkjasamskipti og væru þar af leiðandi undanþegnar upplýsingarétti. Fréttablaðið fékk löksins upplýsingar eftir beiðni þar um, en einungis með listum yfir verkefni og eftirlitsskýrslur sem unnar eru í styrkjageriljunum.

Gunnar segir lítið hafa breyst frá því að hann birti fréttirnar í fyrra. „Þetta er enn ótrúlega falið allt saman. Á yfirborðinu virðist gegnsæi vera gott en um leið og maður fer að skoða þetta þá vantar allt innihald í þær upplýsingar sem eru veittar.“

Atanas tekur undir þetta og segir hafa komið sér mest á óvart að vera sýnað um upplýsingar hjá stofnunum Evrópusambandsins.

Við vinnum ekki við að hafa áhyggjur af líkamlegu öryggi heldur að afla og segja fréttir og það étur upp bæði tíma og orku að hafa áhyggjur af öryggi okkar.

Atanas Tchobanov, ritstjóri Bivol.bg



Fullkomin yfirsýn erfið

„Það sem hjálpar okkur í þessum sjóði er að fjárhæðirnar eru mun minni en hjá styrkjasjóðum Evrópusambandsins, en á móti kemur að á síðasta styrkjatímabili voru verkefni sjö þúsund, og það er ekkert auðvelt að hafa fulla yfirsýn yfir svo mörg verkefni og erfiðt að skapa fullkomið gegnsæi,“ segir Arni Páll Arnason, varafrankvæmdastjóri uppbyggingarsjóðs EES.

Arni segir margháttað eftirlit haft með styrkveitingunum. „Við gerum samninga við ríkin og notum þá aðferðir sem almennt er notast við í þróunaraðstöðu. Það er yfirvöld í ríkjunum sjálfum sem fara með endurskoðunina. Þessi ríki eru aðilar að Evrópusambandinu og við verum að ganga út frá því að þau hafi sjálfstæða dómstóla og sjálfstæða ríkisendurskoðun.“ Einnig séu teknar stikkprufur til náðra eftirlits. Arni segir eftirlitsaðila í ríkjunum senda skýrslur um ósamræmi hjá styrkjum og oft séu gerðar endurkröfur í kjölfar slíkra skýrslu.

Eftir eftirgrenslan segir Arni að kollegar hans í Brussel fylgjist náið með rannsókninni á morði Victoriu. adalheidur@frettabladid.is

Sýnum lit og styðjum gott málefni!

Í dag höldum við upp á Bleika daginn. Orkan hefur um 12 ára skeið styrkt Bleiku slaufuna og hefur samstarfið verið gefandi og farsælt. Við hvetjum landsmenn alla til að sýna samstöðu og styrkja átakið. Í tilefni dagsins renna 2 krónur af hverjum seldum lítra til Bleiku slaufunnar ásamt því að þú færð 17 kr. afslátt af hverjum lítra.*



Það er styrkur í eldsneyti Orkunnar í dag

+2 kr.

af hverjum seldum lítra renna til Bleiku slaufunnar óháð greiðslumáta.

-17 kr.

afsláttur í dag af hverjum lítra ef greitt er með lykli eða korti Orkunnar.



*17 kr. afslátturinn bætist ekki við annan afslátt og gildir einungis fyrir kort/lykla Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungu. Afslátturinn gildir ekki á Orkunni X.

Keisaraskurður verður æ algengari

Tiðni keisaraskurða í heiminum hefur aukist verulega á undanförmum árum. Slik aðgerð getur haft áhrif á heilsu móður og barns til skemmri og lengri tíma. Markvisst unnið að því að fækka óþarfa keisaraskurðum á Landspítala. Meira um að konur biðji um aðgerðina.

HEILBRIGÐISMÁL. Keisaraskurður var gerður í 21 prósentu allra fæðinga í heiminum árið 2015. Hlutfallið var 12 prósent árið 2000. Þetta kemur fram í umfangsmikilli rannsókn á tiðni keisaraskurða í 169 löndum en niðurstöður hennar voru birtar í þremur vísindagreinum í læknafréttinu The Lancet í gærkvöld.

Í lokaorðum fyrstu greinarinnar, sem tekur til hnattrænnar faraldsfræði keisaraskurða, ítreka rannsóknarhöfundarnir að þrátt fyrir ótvíræða kosti keisaraskurðar sé aukin tiðni hans verulegt áhyggjuefni. Þá sérstaklega í ljósi þess að fjölgun síðustu ára megi að stórum hluta rekja til tilfella þar sem læknisfræðileg rök eru ekki meginforsenda ákvörðunar um keisaraskurð.

„Þungun og fæðingarhríðir eru eðlileg ferli, sem í flestum tilfellum heppnast vel. Aukin tiðni keisaraskurða, sem fyrst og fremst á sér stað í efnuðum löndum og ekki í læknisfræðilegum tilgangi, er mikið áhyggjuefni vegna þeirrar auknu áhættu sem fylgir aðgerðinni fyrir móður og barn,“ segir dr. Marleen Temmerman, aðalhöfundur greinarinnar. „Keisaraskurður getur bjargað mannlífum í þeim tilfellum þar sem vandkvæði koma upp. Því verðum við að auka aðgengi að þessu úrræði í fátækari löndum. Hvarvetna á að vera hægt að framkvæma keisaraskurð, en við verðum að varast það að ofnota hann.“

Ætlað er að þórf sé á keisaraskurði í um 10 til 15 prósentum fæðinga. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna fram á að í einu af hverjum fjórum löndum er hlutfall keisaraskurðar undir þessum viðmiðunarmörkum. Aftur á móti er hlutfallið yfir viðmiðunarmörkum í flestum löndum, eða 106 af 169 löndum. Í að minnsta kosti 15 löndum er keisaraskurður framkvæmdur í yfir 40 prósentum fæðinga. Hlutfallið er hæst í Dóminíska lýðveldinu eða 58 prósent. Þar á eftir kemur Brasilía þar sem hlutfallið er tæplega 56 prósent.

Höfundarnir benda á að þegar vandkvæði koma upp á meðgöngu eða í fæðingu getur keisaraskurður auknið lífslíkur. Aftur á móti felur keisaraskurður í sér skammtíma-



Meira er um að konur biðji nú um keisaraskurðaoggerð sem ekki er læknisfræðilega nauðsynlegt að gera. Ástæður þess eru af ýmsum toga. NORDICPHOTOS/GETTY

Svo eru ekkert allar konur sem lita á fæðinguna sem náttúrulegt ferli, þær vilja ekki finna til.


Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum



og langtímaáhrif fyrir móður og barn. Höfundarnir ítreka að þetta sé ekki mikil áhættuaukning, en þó marktæk. Hjá móður tekur þetta til áhættunnar sem fylgir opinni skurðaðgerð, örmyndunar í móðurkviði, óeðlilegs þroska fylgjunnar, utanlegrs fösturs og andvana fæðingar.

Þegar barnið er annars vegar og nýfrakomnar rannsóknir sem sýna fram á að keisarafæðing geti haft áhrif á heilsu barnsins, þó óvíst sé hversu mikil þau eru til lengri tíma. Áhrif til skemmri tíma eru meðal-

Hlutfall keisaraskurða við fæðingar á Íslandi 1982-2016



Heimild: Fæðingaskrá, kvennadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss

annars breytt starfsemi ónæmiskerfisins sem auknið getur líkur á ofnæmi og astma og einnig breytt bakteríuflöru í meltingarvegi.

Tiðni keisaraskurða á Íslandi hefur hækkað hratt í byrjun níunda ára-

tugar síðustu aldar en nokkuð hefur hægt á þeirri aukningu á undanförmum árum. Á tíu ára tímabili, frá 2006 til 2016, voru framkvæmdir 7.839 keisaraskurðir, eða um 16 prósent allra fæðinga. Markvisst hefur verið

unnið að því á Landspítala að fækka óþarfa keisaraskurðaoggerðum.

„Þetta er nákvæmlega það sem við erum að vinna að alla daga, að halda fjölda keisaraskurða niðri eins og við getum,“ segir Ebbu Margrét Magnúsdóttir, formaður lækna-ráðs Landspítala og sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum. Hún er stódd í Brasilíu á þingi Alþjóðasamtaka fæðinga- og kvensjúkdómalækna. Á þinginu verða vísindagreinarnar þrjár kynntar.

Ebbu Margrét segir mun meira um það nú en áður að konur séu að biðja um keisaraskurð sem ekki er læknisfræðilega nauðsynlegt að gera.

„Það eru margar ástæður fyrir beininni. Sumar konur hafa orðið fyrir ofbeldi í æsku og vilja ekki fæðingu, aðrar eiga erfðar fæðingar að baki. Svo eru ekkert allar konur sem lita á fæðinguna sem náttúrulegt ferli, þær vilja ekki finna til. Á Landspítalanum viljum við gera allt út frá læknisfræðilegum og faglegum viðmiðum, það er okkar markmið.“
kjartanh@frettabladid.is

GRIKK

eða GOTT?

Grasker Halloween

599

kr. stk.

KRONAN

Afgreiðslutimar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndabrengl.



ENN GLÆSILEGRI MAZDA CX-3



FÆR HJARTAÐ TIL AÐ SLÁ HRADARI!

Afl, lipurð og afburða aksturseiginleikar einkenna Mazda CX-3.

Við endurhönnun Mazda CX-3 var lögð áhersla á að halda í tímalausa fegurð og auka þægindi fyrir ökumann og farþega bílsins.

Mazda CX-3 er hannaður og smíðaður til þess að njóta akstursins. Hann er búinn nýrri kynslóð af tækni og stíl frá þekktri Kodo hönnun Mazda: *Kodo Soul of Motion Design*.

KOMDU OG UPPLIFÐU ÞENNAN EINSTAKA BÍL!

ELSKAÐU AÐ KEYRA MAZDA

VERÐ FRÁ 3.020.000 KR.



Oruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16

mazda.is

SKOÐUN

Vonda skoðunin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Víð lifum í samfélagi þar sem fólk er stöðugt að tjá sig, ekki einungis á mannafótum heldur einnig á samfélagsmiðlum. Sumir hafa óneitanlega meiri þörf fyrir að víðra skoðanir sínar en aðrir og leita uppi miðla þar sem mögulegt er að rödd þeirra fái að heyrast. Þeir finna sér sinn stað og koma sér þar þægilega fyrir og útvarpa hæstánægðir skoðunum sínum, oft meira af kappi en forsja.

Á dögum víðraði lektor, karlmaður, skoðanir sínar á konum í svokölluðu Karlmennskuspjalli á Facebook. Í anda þess sem hann hefur sjálfsgat talið sanna karlmennsku andvarpaði hann þar yfir því að konur væru alltaf að reyna að troða sér þar sem karlmenn vinna og eyðilegu vinnustaðinn. Af skrifum hans mátti jafnvel skilja að það væri mikið mein að konur hefðu ekki nægilegan smekk fyrir klámbröndurum, allavega sýndu þær ekki mikið umburðarlyndi væri slíkur brandari sagður.

Um þetta er það að segja að vitanlega væri þessum karlmanni fyrir bestu að vera víðsynni en hann er. Eins og hann talar sýnist hann vera holdgervingur úreltra karlrembuiðhorfa. Það er hans ógæfa, en hann er örugglega ekki einn á báti. Karlrembur finnast víða og bládra oft ansi mikla vitleysu. Það gera líka svo miklu fleiri og má þar til dæmis nefna ófga-fyllstu feminista sem tala of oft eins og þeim sé gjör-samlega um megn að þola tilvist karla. Ekki mikil víðsyni þar á ferð. Já, það verður ekki horft fram hjá því að furðulegar skoðanir eru víða á kreiki.

Blessunarlega er skoðana- og tjáningarfrelsi á Íslandi og það ber að víðra. Slíkt frelsi er ætlað öllum en sivaaxandi hneigið er til þess að þrengja það svo mjög að það er nánast eins og það sé einungis ætlað þeim sem hafa „rættar“ skoðanir. Skoðana- og tjáningarfrelsi hinna skal ekki víðra, þar sem þeir tala heimskulega og sýna sig í því að vera illa upp-lýstir. Fyrir það skal refsað. Reyndar er ómögulegt að þefa uppi alla þá sem þykja hafa óæskilegar eða vitleysislegar skoðanir, en einhverjum er þó alltaf hægt að ná. Karlmaðurinn, sem hér er vitnað í, var einmitt klófestur af vinnuveitanda sínum og sagt upp vinnu við Háskólann í Reykjavík þar sem hann hafði lengi starfað sem lektor. Skoðanir hans, sem hann reifaði utan skólastofunnar, enduroma ekki viðteknar skoðanir þar innan dyra. Í þessum háskóla er akademíska frelsið greinilega talsverðum takmörkunum háð.

Ef við teljum skoðana- og tjáningarfrelsi vera raunverulega mikilvægt þá sláum við skjaldborg um það en sveigjum það ekki eftir ríkjandi straumum og stefnum hverju sinni. Þetta frelsi er litils virði ef það á einungis við þá sem eru okkur sammála en alls ekki hina sem við erum hjartanlega ósammála og teljum vera á algjörum villigötum í skoðunum sínum. Ef við ætlum ótraud að ganga þá braut að reka fólk úr vinnu vegna þess að okkur líkar ekki skoðanir þess þá erum við um leið örðin verstu óvinir tjáningarfrelsisins. Samfélag sem virðir ekki rétt einstaklingsins til að tjá skoðanir sínar er mannfjandsamlegt samfélag.

Haldór



Frá degi til dags

Eldislax í olíu
Stinn eru þau stál sem mætast í laxeldisdeilunni á Vestfjörðum. Þeir sem ákafast tala fyrir því að eldislax fái að sprikka í sjókvíum í fjörðum fyrir vestan benda á jákvæð áhrif á byggðabróun. Andmælendur visa á neikvæð áhrif á náttúru og lífríkið. Árið 2007 þótti snilldarhugmynd að reisa olíuhreinsunarstöð í Arnarfirði til þess að stemma stígu við atgervisflotta frá Vestfjörðum. Þessi sérkennilega björgunaraðgerð fjarði út, eins og svo margar aðrar snilldarhugmyndir þessa tímabils. Enn þrífst þó mannlif á Vestfjörðum og mun að öllum líkindum halda því áfram þótt eldislaxinn verði soðinn niður í olíu og sendur upp á þurrt land.

USB-lykill að handjárnnum?
Sindri Þór Stefánsson hefur verið látinn laus gegn tryggingu. Sjaldgæft og tryggingarupphæðin fæst ekki uppefín en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kostar slíkt frelsi með takmörkunum allt frá einni milljón króna upp í rúmlega þrjár. Sindri er ákærður í gagnaversmalinu svokallaða fyrir þjófnad á 600 tölum sem hermt er að hafi verið notaðar til þess að grafa eftir rafmýntinni Bitcoin. Sannkallaðar stafrænar gullgerðarvélur og spurning hvort Sindri hafi keypt sig lausan með rafklínkinu. Jafnvel einfaldlega með því að leggja fram handfylli af USB-lyklum. thorarinn@frettabladid.is

Skólastarf í allra þágu



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi

Íslenskt samfélag er í stöðugri þróun. Íbúasamsetning tekur reglulegum breytingum. Hingað flyst fólk af margvíslegum uppruna, bakgrunnurinn fjölbreyttur og tungumálin ólík. Ísland er nú fjölmenningarsamfélag. Samkvæmt mannföldatölum Hagstofunnar eru erlendir ríkisborgarar nú 12% allra landsmanna. Innflytjendur eru jafnframt 18,6% allra starfandi einstaklinga hérlendis. Fólk af erlendum uppruna leggur sitt af mörkum til samfélagsins. Það hefur sannarlega auðgað menningu okkar og fjölbreytileika. Þessu ber að fagna. Staða barna af erlendum uppruna er síður fagnaðar-efni. Börnin mælast 23% lakar í nýlegum PISA-könnun-um en börn af innlendum uppruna. Eins nýta börnin síður frístundastyrki til tómstunda- og íþróttaiðkunar en talið er að skipulagt frístundastarf sé mikilvægt svo auka megi tíma barnanna í íslensku málumhverfi.

Hérlendis upplifa börn af erlendum uppruna hvað mesta höfnun innfæddra skólasystkina sinna. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu um PISA könnunina. Samkvæmt niðurstöðunum má ætla að 15 ára ungmennti af fyrstu kynslóð innflytjenda muni eiga erfitt með að uppfylla persónulegar, námslegar og samfélagslegar þarfir sínar hérlendis, þetta er verulegt áhyggjuefni. Niðurstöðurnar eru visbending um að gera þurfi betur og bæta þurfi aðlögun barnanna í skólakerfinu.

Samfélagsbreytingar í átt að auknum menningarlegum fjölbreytileika kalla á breytingar í skólastarfi. Við verðum að tryggja börnum af erlendum uppruna þá kennslu og þjónustu sem þeim reynist nauðsynleg. Mikilvægt er að þeim séu veitt skilyrði til að aðlagast samfélaginu og njóta sams konar gæða í menntun og skólastarfi og önnur börn. Þeim þarf að tryggja árangursríka íslenskukennslu og sérstaka aðstoð við félagsleika aðlögun.

Á borgarstjórnarfundum næsta þriðjudag mun Sjálfstæðisflokkurinn bera upp tillögu um aðgerðir í þágu barna af erlendum uppruna. Málið er brýnt. Taka þarf stefnumarkandi ákvörðun svo unnt verði að vinna markvisst að jöfnuð tækifærum til náms fyrir öll börn í borginni, óháð uppruna.



Ef við teljum skoðana- og tjáningarfrelsi vera raunverulega mikilvægt þá sláum við skjaldborg um það.

VIÐ SJÁUM UM BRÚDKAUPIÐ ÞÚ PARFT BARA AÐ SEGJA JÁ!

Við leigjum og seljum
Tjöld, borð og stóla, uppblásna sófa, hljóðkerfi, ljósakerfi, skjávarpa og sýningartjöld, confetti sprengjur.

Sláðu á þráðinn ef eitthvað af þessu er að vefjast fyrir hér.
Það eina sem þú þarft að gera er að skemma þér.

EXTON REYKJAVÍK
S: 575-4600
EXTON@EXTON.IS

EXTON AKUREYRI
S: 575-4660
AKUREYRI@EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
www.exton.is

Hvaða svivirðingar segja menn um keisarann á fylleríi?

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Góði dátinn Svejk var ekki lengi að koma sér í vandræði gagnvart leynilög-reglumanninum Bretschneider þegar þeir hittast á kaffihúsinu Bikarinn í Vínarborg. Það þurfti heldur ekki mikið til. Sú einfalda staðhæfing Svejks, að fólk ætti það til að tala af vanvirðingu um keisarann á fylleríum, dugði til þess að leynilög-reglumaðurinn handtók hann—og lét sér ekki nægja það heldur greip líka hinn orðvara veitingamann Pavilec og dró báða á lögreglu-stöðina. Jafnvel þótt Svejk hafi sjálfur tekið skilmærkilega fram að honum myndist keisarinn alls ekki eiga það skilið að sagðar væru um hann svivirðingar þá var hann auðvitað að storka örlögumum með því að gefa í skyn að hann hefði samúð og því að annað fólk væri svo óvandað að virðingu sinni.

Borgarleg mannréttindi
Sógusvið Góða dátans Svejk er annar áratugur tuttugustu

aldarinnar, sem er auðvitað löngu eftir að tjáningarfrelsið var fundið upp—en lengi frameftir öldum gat fólk þó átt von á því að vera refsað sérstaklega ef upp komst að það talaði illa um þjóðarleiðtoga og stjórnvöld. Slíkt er auðvitað ekki uppi á teningnum í dag á Vesturlöndum þar sem fólk er verndað í bak og fyrir af alls konar mannréttindum sem varin eru í stjórnarskrám og alþjóðlegum sáttmálum. Það myndi því engum manni detta í hug að Svejk ætti á hættu að vera handtekinn árið 2018 í Vínarborg fyrir að segja við lögreglumann að til sé fólk sem segi svivirðingar um keisarann á fylleríum.

Og það er líka eins gott. Ef það er einhver risastór lærdómur sem draga má af sögunni—og ætti að vera tiltölulega óumdeildur—þá er það sá sannleikur að hin svokölluðu borgaralegu mannréttindi eru mikilvægustu stóðir mannvænlegs, fríðsams og síaðs samfélags. Þessi réttindi eru meira að segja mikilvægari heldur en lýðræðið, þótt nánast sé óhugsandi að annað geti þrífist til langs tíma án hins.

Kúgun í þögninni

Af þessum borgarlegu mannréttindum er tjáningarfrelsið oftast talið mikilvægast. Þegar stjórnvöld ákveða að hefta með valdboði rétt fólks til þess að tjá sig—til dæmis með svivirðingum um keisarann á fylleríum—þá er tóm mál að tala um raunverulegt lýðræði, og bysna hætt er



við að öll gagnrýni á stjórnvöld og viðteknar skoðanir koðni fljótt niður. Með því er skráfáð fyrir uppsprettur nýrra strauma í stjórnmálum, vísindum og menningarlífi. Það er líka þannig í öllum bókmenntum sem fjalla um harðstjórni og hörmungarheima að þar er fólk refsað harkalega fyrir að tjá sig frjálst; og jafnvel fyrir að hugsa frjálst. Þetta er ekki bara meginþema í bókmenntum á borð við 1984, Brave New World og Farenheit 451—heldur kveikti JK Rowling á sömu peru þegar hún ákvað að illmennio Volde-mort væri svo máttugt að fólk þyrði ekki einu sinni að segja nafnið hans upphátt heldur talaði bara um „þann sem ekki má nefna“. Það felst nefnilega heilmikil kúgun í því að þagga niður í fólk; hvort sem kúgarinn kemur

fram í formi refsiglaðra stjórnvalda, ofstoppafulls múgs eða—sem oftast er—í óskilgreindum ótta og sjálfssritskoðun. Þetta veit fólk í harðstjórna-rikkjum mætavel. Ef maður hittir unga stúdenta á bar í Moskvu þá munu þeir tala mjög varlega um þarlend stjórnvöld þangað til þeir telja sig fullvissa um að hægt sé að treysta viðmælandanum. Þar vill enginn láta spyrjast um sig að hann segi svivirðingar um keisarann á fylleríi. Í Norður-Kóreu fæst ekki nokkur maður til þess að láta í ljós annað en djúpstæða lotningu gagnvart einvaldinum. Og hvað má þá segja um Sádi-Arabíu? Þar beita stjórnvöld miskunnarlausri kúgun gegn öllum þeim sem með sannfærandi málfutningi geta ógnað valdi konungsfjölskyldunnar. Nú síðast

Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

FRÁBÆR HEIMILISMATUR Í HÁDEGINU

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

Keypt & Selt

Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgætti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 562-6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogöskur.is s.552-4910



Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Goð 3ja. herb. íbúð í Stangarholti, er laus. Verð 239þús per. mán. Nánari uppl. í s: 663-5790

Atvinnuhúsnæði

VERSLUNARHÚSNÆÐI-ATVINNUHÚSNÆÐI

Til leigu 170,5 fm húsnæði á götuþæð, Bolholti 4. Næsta hús fyrir aftan Skeljung Laugavegi 180. Stórir gluggar, ný málað, góð lýsing og yfir 40 ljóskastarar í loftum.

Laust strax. Uppl. Ragnar s:893-8166 eða grensas@gmail.com

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarþúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



Atvinna

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIDI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET

Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free, you may download it, copy it and give it away.

Til leigu



TIL LEIGU

GRANDAVEGUR - TIL LEIGU

Nýstandsett 101 fm 3 herbergja íbúð á 1. hæð, að Grandavegi 47 til leigu.

Húsið er ætlað 60 ára og eldri. Nánari uppl. í síma 892-4454

Fasteignir


Porláksgæisli 33

113 Reykjavík



OPÍÐ HÚS

laugardaginn 13. okt. kl. 13:00 - 13:30



Falleg og vel skipulögð íbúð á 3ju og efstu hæð í góðu lyftuhúsi við Porláksgæisla 33 í Grafarholti. 113,5 fm - 4ra herbergja Lyfta - Stæði í bilageymslu Tennar svalir Tengir fyrir rafbil í bilageymslu



Nánari upplýsingar veitir:

Gunnar S. Jónsson, löggr. fasteignasali gunnar@miklaborg.is sími: 899 5856

Verð:

51,9 millj.

FASTEIGNASALA 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is

MIKLABORG Óskar R. Hardarson og Jónsson Guðmundsson, löggitur fasteignasalar

- með þér alla leið -

Tilkynningar

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi

Kópavogsvöllur. Dalsmári 7. Breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 9. október 2018 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogsvallar, Dalsmára 7 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir upphituðu gervigrasi á Kópavogsvelli og uppsetningu ljósamastra og ljósabúnaðar til flóðlýsingar við völlinn. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 25. september 2018.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 27. nóvember 2018.

Skipulagsstjóri Kópavogs.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

HELGAFELL
FASTEIGNASALA
s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is

Rúnar Þór Arnason
löggitur fasteignasali
löggitur leigumíðlari
S: 77 55 805

Porláksgæisli 3

Þjört fjögurra herbergja 124,5 fm. endaíbúð á hæð, 2,6 fm. sér geymsla í sameign, ásamt bílastæði í lokaðri bilageymslu, samtals 127,1 fm. Lyfta er í húsinu.
Verð: 51.9M.

intellecta.is
RÁÐNINGAR
intellecta

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Fréttablaðið.is - stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ.IS



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ



Elskulegur sambýlismaður,
faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Úlfar Eysteinnsson

Leiðhömrur 44, Reykjavík,

lést þann 10. október sl.
Útför auglýst síðar.

Ingibjörg Ólöf Magnúsdóttir
Stefán Úlfarsson
Guðný Úlfarsdóttir
Bjarklind Guðlaugsdóttir
Heimir Helgason
barnabörn og systkini hins látna.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigurjón Ágústsson
endurskoðandi,

lést laugardaginn 6. október
á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.
Útför hans fer fram frá Guðriðarkirkju
þriðjudaginn 16. október kl. 13.00.

Maria Hrund Sigurjónsdóttir
Guðráður Sigurjónsson
Jafet Óskarsson
Uunnur Ólöf Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Aðalheiður Ísleifs Hafliðadóttir

áður til heimilis í
Bólstaðarhlíð 46, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 24. september.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju
mánudaginn 15. október klukkan 13.00.

Bergsteinn Baldursson
Ingvar Júlíus Baldursson
Ingibjörg M. Baldurssdóttir
Edda Pétursdóttir
Sigurros Kristjánsdóttir
Magnús Ingi Ásgeirsson
ömmu- og langömmubörn.



Kransar, krossar og
kistuskreytingar

Blóm í miklu úrvali



Vefverslun:
Bjarkarblóm.is

Fyrirtækið er 50 ára í ár

**Netverslun og
símaþjónusta**



s. 553 1099 • blomabud.is • blomabud@blomabud.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5407.



Hrólfur með hluta hópsins sem kemur fram á tónleikunum í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alltaf verið að leika mér

Hljómsveitin 13 tungl heldur sína fyrstu tónleika í kvöld, í Eldborg í Hörpu. Hrólfur Jónsson, fyrrverandi slökkviliðsstjóri Reykjavíkur, hefur fengið eðallistafólk til liðs við sig.

Við höfum verið að undirbúa þessa tónleika frá því í febrúar. Nú er komið að þeim," segir Hrólfur Jónsson, fyrrverandi slökkviliðsstjóri Reykjavíkur, sem stofnaði hljómsveitina 13 tungl. Hún heldur tónleika í Eldborgaral Hörpu í kvöld sem hefjast klukkan 20.30. Þar verða flutt lög og textar eftir Hrólfi, Ragnar Jón son hans og Kristján Kristjánsson, betur þekktan sem KK, sem er einn af gestum tónleikanna.

Hrólfur er sjálfur söngvari með bandinu og kveðst hafa fengið til liðs við sig úrvals fólk, hámenntað í tónlist. „Þetta fólk er búið að búa til ótrúlegan hljóðheim í kringum lögin okkar," segir hann hrifinn. Við vorum með Jakob Frimann á æfingu í fyrradag og hann keyrði mig heim. Hann sagði: „Þetta er nú miklu betra en ég hafði gert mér grein fyrir, spurning hvort ég geti ekki komið meira inn í þetta hjá ykkur úr því ég er þarna hvort sem er," og það er búið að bæta einu pianósólói á hann. – En hann fær ekkert að segja fyrr en í restina, ég er búinn að stilla því þannig upp!" segir

Pau stiga á svið

Í hljómsveitinni 13 tungl eru auk Hrólfs: Ástvaldur Traustason, Daniel Friðrik Böðvarsson, Ingólfur Magnússon, Ragnar Jón Hrólffson, Rósa Guðrún Sveinsdóttir, Uunnur Birna Björnsdóttir, Vigga Ásgeirsdóttir og Þorvaldur Ingvaldsson.

Auk þeirra koma fram: Ingvaldur Ýr Jónsdóttir, Jakob Frimann Magnússon og KK, ásamt Karlaðórnur Þróstum.

hann þakkaralega og bætir við: „Við erum sko góðir vinir og eins ég og KK."

Hrólfur var 24 ár í Slökkviliði Reykjavíkur, þar af 13 ár sem stjórnandi. Hann kveðst hafa fengið við laga- og textasmíðar í frístundum seinni árin. „Ég sem allt á gítar. Grínast stundum með það að ég sé svo ómúsikalskur að ég geti ekki lært hljóma eftir aðra, heldur verði alltaf að hafa þá á blaði fyrir framan mig. Þess vegna hafi ég farið út í það að búa til eigin lög. Þá bara spila ég lagið eins og það var samið og þeir hljómar sem þar koma fyrir hafa alveg gengið upp,

því ég hef spilað með atvinnutónlistarmönnum."

Þó að þetta séu fyrstu tónleikar 13 tungla þá hefur Hrólfur áður komið fram sem tónlistarmaður. „Í gegnum tíðina hef ég alltaf verið að leika mér. Við vorum með hljómsveit í Slökkviliðinu sem hét Eldbandið, það kom fram annað lagið. Svo gaf ég út plötu 2010, þá setti ég saman hljómsveit og við höldum tónleika í Tjarnarbíói sem tókust ágætlega. 2014 gerði ég disk með syni mínum og þá varð til band sem var með útgáfutónleika í Sögusafninu."

Hann segir þörfina fyrir að semja hafa farið vaxandi eftir aldamótin. „Ég flutti til Danmerkur og bjó þar í eitt ár, þá urðu til mörg lög því þar skapaðist svigrúm til að semja. Ég hjólaði mikið þar og hef komist að því að það hefur mjög góð áhrif á heilabúði. Ég er að lesa núna bók sem heitir Einstein and the Art of Mindful Cycling. Einstein hælir hjólréið mikið og segir að þar fái hann sínar bestu hugmyndir. Þegar maður hjólar ryðst öll vitleysan út úr heilanum og heimikið rými verður til fyrir skapandi hugsanir." gun@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín,
móðir, tengdamóðir og amma,

Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir

Borgartúni 30b,

lést á gjörgæslu Landspítalans í Reykjavík 6. október 2018.
Hún verður jarðsungen frá Bústaðakirkju mánudaginn
15. október kl. 13.00.

Kristján Georgsson
Gunnar Heimir Kristjánsson
Marín Kristjánsdóttir
Íris Björg Kristjánsdóttir
Kristján Uunnar Kristjánsson
Selma Gísladóttir
Þórir Bergsson
Soffía Marín Magnúsdóttir
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Bjarni Sighvatsson

frá Ási,
Vestmannaeyjum,

andaðist á Heilbrigðisstofnun
Suðurlands, Vestmannaeyjum,
hinn 9. október. Útförin fer fram frá Landakirkju
laugardaginn 20. október klukkan 13.

Sigurlaug Bjarnadóttir
Guðmunda Bjarnadóttir
Sighvatur Bjarnason

Páll Sveinsson
Viðar Eliasson
Ragnhildur Sesselja
Gottskálsdóttir

Ingibjörg Rannveig Bjarnadóttir
Hinrik Örn Bjarnason
Anna Jónína Sævarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

GRAL KYNNIR

SVARTLYNG



ÞT. Mbl.



SJ. Frbl.

„Svartlyng er ein af þessum sýningum sem okkur bráðvantar“

HA. RÚV Menning

„Súrrealísk kómík brotin upp með nítandi ádeilu.“

SJ. Frbl.

„Óborganlega fyndi og súrrealískt.“

HA. RÚV Menning

„Rammpólítískt ádeiluverk sem virkar“

ÞT. Mbl.

„Leikhópurinn allur fer á kostum“

HA. RÚV Menning

„Mikið sjónarspil og hressileg ádeila“

KHP. Hugarás

„Fariði bara í leikhús... og sjáið þetta“

HA. RÚV Menning

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR

eftir Guðmund Brynjólfsson

TJARNARBÍÓ

Takmarkaður sýningafjöldi | Miðasala á tix.is

BLEIKUR OKTÓBER

HJÁ HEIMSFERÐUM

Heimsferdir eru stolt að styrkja Bleiku slaufuna og munu gefa andvirði einnar Bleikrar slaufu til Krabbameinsfélagsins/Bleiku slaufunnar af hverri bókun sem gerð verður hjá okkur frá 12. til 31. október.

Skoðaðu úrvalið af frábærum sólar og borgarferðum á www.heimsferdir.is

Sólarferðir frá
69.995



Borgarferðir frá
59.995



Bleika
slaufan

*Gildir aðeins um pakkaferðir (flug og hótél) á ferðatímabilinu 12. október til 15. desember en ekki um flugsæti eingöngu.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

Barnabækur veita skjól og byggja brýr

Margt áhugavert er í boði fyrir bókelsk börn og aðra áhugasama um ungmennabækur á barnabókahátíðinni Úti í Mýri sem stendur yfir í Norræna húsinu. Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur leggur sitt til málanna.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég er að dandalast úti á götu í litlu þorpi í Frakklandi," segir Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur þegar hún svarar símanum á miðjum miðvikudegi.

En ... ætlaðu samt ekki að að taka þátt í hátíðinni Úti í Mýri í Norræna húsinu um helgina?

„Já, ég flyg heim í fyrramálið og lendi hlaupandi. Veistu, þetta samtali bjargar mér frá mistökum, ég var að kíkja hérna í búið, þetta var algerlega það sem ég þurfti. Hvað ertu að spekulera?“

Mig langar að vita hvað þú ætlar að boða á barnabókmenntahátíðinni.

„Já, Úti í Mýri er mjög fjölbreytt parti. Ég held að mín aðkoma að því snúist aðallega um þau stóru mál sem eru í deigluinni, hlýnun jarðar og flóttafólkið sem er að flytja styrjald-



„Úti í Mýri er mjög fjölbreytt parti. Ég held að mín aðkoma að því snúist aðallega um þau stóru mál sem eru í deigluinni," segir Kristín Helga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ir," segir Kristín Helga. Hún kveðst taka þátt í þremur dagskrárliðum. Sá fyrsti verður rétt fyrir hádegi á föstudag og hverfist um náttúruna hér í norðrinu og vistrýni í barnabókmenntum. „Það verður pallborð þar sem Margrét Tryggvadóttir stýrir umræðum og Dagný Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Ásberg, Hjörleifur Hjartarson og ég munum ræða um hvort samfélagsmál, sem brenna á umhverfinu hverju sinni, eigi erindi í barnabókmenntir. Svarið við því er auðvitað já og ég held að við höldum

áfram þaðan. Það er spennandi.“

Annað gíggið hennar Kristínar Helgu verður með rit- og myndhöfundinum Marit Törnqvist sem segir frá störfum sínum með flóttabörnum. „Við ræðum svolitíð um pólitik í barnabókmenntum, hvað má og hvað má ekki. Hvernig barnabækur geta veitt skjól og byggt brýr milli ólíkra menningarheima.“

Á laugardaginn verðum við Áslaug Jónsdóttir rithöfundur og myndlistarmaður saman og tölum um bækurnar okkar sem tilnefndar eru

til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, Skrimslí vanda og Vertu ósýnilegur – flóttasaga Ishmaels. Sú síðarnefnda er kannski sú bók mín sem er hvað næst mér en samt lengst frá mér. Hún á svo mikið erindi við samtímann og ég vil að hún sé lesin í menntaskólum og grunnskólum landsins, málstaðarins vegna og til að skapa umræður.“

Þú verður sem sagt ekkert á léttu nóttunum að þessu sinni.

„Nei, það verður engin Fia Sól með mér í för. En hún spriklar í

prentsmiðjunni núna og ég hlakka mjög til að hitta hana aftur. Það er glæný bók að gubbast út úr vélunum í Þýskalandi, hún heitir sko Fia Sól gefst aldrei upp, það er bara stelpustyrkur alla leið – og stráka. Hún er reyndar að glíma við stóru málin líka en á sinni línu og á sinn hátt.“

Jæja, nú ætla ég ekki að eyðileggja frekar fyrir þér Frakklandsferðina.

„Blessuð góða, ég er að ráfa hér um í rígingu að leita að bar. Þetta er nauðaðmerkilegt ferðalag.“

Þín innri manneskja og IKEA

LEIKRIT

Griðastaður

★★★★★

eftir Matthías Tryggva Haraldsson

Tjarnarbiói

Leikfélagið Allir deyjá

Leikstjórn: Matthías Tryggvi

Haraldsson

Leikari: Jörundur Ragnarsson

Dramatúrgía: Eydis Rose Vilmundar-

dóttir og Jökull Smári Jakobsson

Tónlist: Ingibjörg Skarphéðinsdóttir

Ljós: Egill Ingibergsson og Hafliði

Emil Barðason

Búningar og leikmynd: Allir deyjá

leikfélag

Nýrjalshyggja, tómleiki kapitalismans og dauðleikinn mæstast í sálar-tetri manneskjunnar á meðan hún gerir heiðarlega en óræntingarfylla tilraun til að finna smekklega mublú í IKEA sem hæfir persónuleika hennar. Þessi setning er bæði sönn og finasta lýsing á nýja leikritinu Griðastaður eftir Matthías

Tryggva Haraldsson sem er nú til sýninga í Tjarnarbiói.

Lárus býr einn, kærastan er farin frá honum og móðir hans berst við ótilgreindan sjúkdóm á spítala. Hans griðastaður frá amstri hins daglega lífsins er IKEA þar sem hann dvelur löngum stundum og íhugar tilgang lífsins, þá helst hreyfingarláus í uppáhalds baðherbergis-innréttingunni sinni. Griðastaður er fyrsta verk á atvinnusviði eftir Matthías sem útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands síðasta vor.

Mattías er með frambærilegan stíl og afgerandi tón í texta sínum, persónuleg blæbrigði og liggur mikið á hjarta. Einnig geymir leikverkið marga tilfinningalega fleti sem snerta á einmanaleika, samviskubiti, umhverfisvænum vörum, og gegndarlausri vörudýrkun sem hljóma óþægilega kunnuglega. Eiginleikar af þessu tagi eru sjaldgæfir hjá leikskáldum sem eru að stíga sín fyrstu skref. Nýir höfundar eiga þó yfirleitt enn þá eftir að temja sér aga og fellur Matthías stundum í þá gryfju að nota öll verkfærin í kassanum frekar en vel valin.



Jörundur Ragnarson hefur verið að koma sterkur til leiks á þessu ári og hér tekur hann enn eitt framfaraskrefið. Hann nær áhorfendum strax á sitt band með lúpulegum leikrænum tilburðum Lárusar þegar hann er að æfa sig fyrir stóran kynningarfund. Einmanaleiki Lárusar er næstum því ápreifanlegur, sérstaklega þegar tilgangsléysið þyrmir yfir hann. En hann er líka smellinn í framsögn og finnur algjörlega rétta tóninn til að koma þessum týnda manni til skila.

Matthías leikstjórnir sömuleiðis sem er kannski skiljanleg ákvörðun fyrir fyrsta sviðsverk en er vanköntum háð. Óvænta viðbótin við einleikinn undir lokin var til dæmis of mikið af því góða. Þar hefði glöggst auga og reynsalurikara sviðslistafólk dregið línu í sandinn. Leikverkið og sýningin þurfa ekkert skraut. Leikmyndin ber alla þá kosti sem leikstjórnin hefði mátt temja sér. Þar er hver leikmunur vel valinn. Stundaglösinn minna á hverfulleika tímans, speglarnir á leitina að sjálfnu og Billy-hillurnar á lífsins endaláu endurtekningar,

Þar mætast tónlist, vísindi og tækni

Á íslensku tölvu- og raftónlistarhátiðinni ErkiTið 2018 sem verður haldin 18. október í Norðurljósasal Hörpu bjóða tónskáld og flytjendur í fremstu röð upp á fjölbreytta dagskrá. Má þar nefna Caput-hópinn. Íslensk og erlend verk verða frumflutt en einnig eru þar eldri verk frá síðustu 50 árum.

Hluti tónleikanna verður helgaður Atla Heimi Sveinssyni tónskáldi í tilefni áttæðisafmælis hans. „Atli Heimir var á sínum tíma einn af frumkvöðlum nútíma- og raftónlistar á Íslandi og hans framlag til íslenskrar tónlistar og menningar er ómetanlegt.“ segir Kjartan Ólafsson, annar aðstandenda hátiðarinnar. „Því fengum við ung tónskáld til að semja verk með tengingu við tónlist Atla Heimis. Margir af fremstu tónlistarmönnum þjóðarinnar flytja þau, þar á meðal Hamrahlíðarkórinn undir

stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.“

Á hátiðinni mætast tónlist, vísindi og tækni. Þar verður áhorfendum meðal annars boðið að taka beinan þátt í framvindu verka sem samín verða og flutt í rauntíma. Kjartan vill vekja sérstaka athygli á tölvutónlistarvinnustofum fyrir yngstu kynslóðina sem Margrét Sigurðardóttir sér um í öðrum sal. „Þar fá krakkarnir að láta sköpunargleðina ráða.“ lofar hann og bendir á dagskrána á www.erkitid.is – gun



Kjartan segir gestum boðið að taka beinan þátt í tónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Verk sem samín eru Atla Heimi til heiðurs verða flutt á ErkiTið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagskrá

- Kl. 11-17 Vinnusmiðjur barna
- Kl. 13 Útkoma óráðin:
Áhorfendur taka þátt:
- Kl. 14 Íslensk raftónlist í 100 ár.
Fyrri tónleikar
- Kl. 15 Í nálagri fortíð: Atli Heimir heiðraður
- Kl. 17 Front-Line Contemporary Works: CAPUT Ensemble
- Kl. 20 Íslensk raftónlist í 100 ár.
Seinni tónleikar
- Kl. 21 Frá fortíð til framtíðar:
Frumflutningur á nýjum verkum, uppljómuðum af tónlist Atla Heimis Sveinssonar.

svo ekki sé minnst á öfrumleika hversdagsins.



Tónlist Ingibjargar Skarphéðinsdóttur kurrar laglega undir sýningunni þar sem léttir raftónar í bland við drungalegri skugga líta hljóðmyndina. Svipað verk vinna þeir Egill Ingibergsson og Hafliði Emil Barðason með ljóshönnunina. Allt er gert til að láta textann og Jörund njóta sín. Óþægileg birta mætir Lárusi í byrjun en það dregur úr henni eftir því sem á liður.

Gríðastaður hefur að geyma fagurfræðilega heila mynd þar sem margar hugmyndir Matthíasar finna frjóa jörð þó að sumum þeirra sé ofaukið. Nú er lag að hvetja áhorfendur til að styðja við bæði íslenska leikritun og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref sem leikskáld. Matthías hefur margt fram að færa á íslensku leiksviði, sömuleiðis Jörundur, og forvitnilegt verður að fylgjast með þeim báðum á næstu misserum.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Frambærilegt fyrsta leikrit og fantagóður leikur hjá Jörundi.

STÓRBROTIN SAGA



Ólafur Gunnarsson fer með lesandann í ævintýraferð um fortíðina

Ógleymanlegar persónur

Skrautlegt mannlíf

Óborganlegur húmor

„Lesandinn grætur hlæjandi, þyrstur í næstu blaðsíðu. Mögnuð.“

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

„Algjört snilldarverk.“

EINAR KÁRASON

„Dúndrandi fyllerí með öskrandi fyndnum sögum af hetjum bóhemíunnar, Flóka, Steinari, Degi og fleirum, sem lýkur með síðasta fullinu, bikar barmafullum af trega.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Um helgar 11-16 | www.forlagid.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettladid.is

12. OKTÓBER 2018

Tónlist

Hvað? GKR – !!ÚTRÁS!! – Útgáfuparti

Hvenær? 21.00

Hvar? Prikíð, Bankastræti
Tónlistarmaðurinn GKR gefur út sitt fyrsta mixtape, !!ÚTRÁS!!, í kvöld, föstudagskvöldið 12. október, og verður því fylgt eftir með algjörri veislu á Prikí allra landsmanna. GKR kemur fram ásamt öðrum frábærum gestum en það verður allt tilkynnt hér á næstu dögum!

Hvað? Skálmöld Sorgir hlustunar/útgáfuparti

Hvenær? 17.00

Hvar? Lucky Records, Rauðarárstíg
Skálmöld er að gefa út sína fimmtu breiðskífu – Sorgir – og ætla þeir félagar að heimsækja okkur í Lucky og árita. Platan fer sjálfsagt á fóninn og einhverjar léttar veitingar verða. Sérstök takmörkuð græn vinylútgáfa frá Alda Music.

Hvað? Prins Póló – Live at Bryggjan

Hvenær? 23.00

Hvar? Bryggjan Brugghús, Grandagarði

Griðhart diskó í bland við angurværar ballóður og ruddaleg gítarsóló. Okkar allra besta Prins Póló kemur fram ásamt hljómsveit á Bryggjunni í kvöld, föstudagskvöldið 12. október. Fritt inn og tónleikarnir hefjast klukkan 23.00.

Hvað? JAK á Hard Rock

Hvenær? 22.00

Hvar? Hard Rock Café, Lækjargötu
Tónlistarmaðurinn Stefán Jakobsen (Stebbi Jak) gaf út sína fyrstu plötu á dögnum. Platan ber einfaldlega titilinn JAK. Nú þegar hafa verið haldnir tónleikar á Græna



GKR gefur út nýtt mixtape og spilar á Prikínu á því tilefni þetta kvöldið. FRETTLADID/EYVÖR

hattinum og í Bæjarbíói í Hafnarfirði og viðtökurnar hafa sannarlega verið frábærar. Nú er komið að því að ráðast inn á Hard Rock Cafe.

Hvað? DJ Raggyman wants to know what love is (we know we can show him)

Hvenær? 20.00

Hvar? Session Craft Bar, Bankastræti
Raggyman fannst svo gaman seinast að hann hefur samþykkt að koma aftur og spila uppáhaldslögin sín fyrir gestí og gangandi í kvöld á Session.

Viðburðir

Hvað? Mandy – Miðnæturfumsýning

12. október

Hvenær? 23.59

Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu

Fáum myndum hefur verið beðið eftir með jafn mikilli eftirvænt-

ingu. Nýjasta mynd Nicolas Cage frá leikstjóranum Panos Cosmatos með síðasta hljóðspori Jóhanns Jóhannssonar.

Hvað? Verkkæppi Viðskiptaráðs – Hvernig lærir fólk framtíðarinnar?

Hvenær? 15.30

Hvar? Viðskiptaráð Íslands, Borgartúni

Viðskiptaráð Íslands heldur nú verkkeppi (e. case competition) í annað sinn. Verkkæppinn gengur þannig fyrir sig að 4-6 manna lið hafa eina helgi til þess að móta hugmynd er snýr að spurningunni „Hvernig lærir fólk framtíðarinnar?“ Ótal mörg tækifæri fylgja tæknivæðingunni og hinni svokölluðu 4. iönbyltingu sem nú gengur yfir en áskoranir felast í því að nýta nýjar leiðir til að miðla upplýsingum, mennta einstaklinga og sinna störfum á fjölbreyttari hátt en áður. Liðin eiga að koma auga á eina slíka áskorun, eða

fleiri, og setja fram mótaða tillögu um lausn á vandamálinu. Keppnin er ætluð hópum með fjölbreyttan bakgrunn og geta lausnirnar því verið eins ólíkar og þær eru margar. Liðin geta einblint á það svið sem þau hafa þekkingu og áhuga á, hvort sem það er að endurhugsa íslenskt menntakerfi, bæta tiltekna aðferðafræði, spýta í lestrarfærni eða sjálfvirknivæða menntun. Eina krafa er að lið séu lausnamiðuð og frumleg í sinni nálgun.

Hvað? Menntakvika 2018

Hvenær? 09.00

Hvar? Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Stakkahlíð
Menntakvika – árleg ráðstefna Menntavísindasviðs verður haldin í dag, föstudaginn 12. október, við Háskóla Íslands. Ráðstefnunni er ætlað að kynna og miðla því sem er efst á baugi í menntavísindum og á tengdum sviðum hverju sinni.

Toppaðu pizzuna með áleggjunum frá Stjórngrís

Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti

Þú finnur álegginn frá Stjórngrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.

STJÖRNU GRIS

www.svinvirkar.is

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADÍS

Kler (Clergy) UPPSELT/SOLD OUT!	17:30	Útey 22. júlí	20:00
Kler (Clergy)-AUKA/EXTRÁ(ENG SUB)	17:30	Kler (Clergy) UPPSELT/SOLD OUT!	20:00
Bráðum verður bytling!	18:00	Lof mér að falla (ENG SUB)	21:50
FÖSTUDAGSPARTÍSÝNING!		Sorry to Bother You	22:30
The Big Lebowski - 20 ára!	20:00	Mandy (ENGLISH WITHOUT SUBTITLES)	23:59



Hvar? BERG Contemporary, Klapparsstíg
Sýning John Zurier, Stundum (yfir mig fjallið), verður opnuð í BERG Contemporary í dag, 12. október, kl. 17. Sýningin samanstendur af nýjum málverkum sem Zurier vann á Íslandi síðastliðið sumar. Um er að ræða fyrstu einkasýningu John Zurier í BERG Contemporary.

Hvað? Linda Cuglia – Icarus
Hvenær? 13.00
Hvar? Gallery Port, Laugavegi
 Linda Cuglia færir okkur málverkaseríu byggða á sögunni af Íkarusi, sýni byggingameistarans

Dædalosar sem smíðaði handa honum vængi – en Íkarus flaug of nálægt sólinni, vaxið sem hélt saman vængjunum bráðnaði og Íkarus féll til jarðar. Við þekkjum þessa sögu, flest okkar svona á yfirborðinu, en Linda ætlar að dýpka fyrir okkur þessa fornu frásögn, með málverki sínu sem hún hefur náð meistaralegu valdi á. Hún svarar kalli okkar samtíma sem kveður á um skýran myndheim, sterkar og litríkar formgerðir, figúrasjónir og tákn. Myndir sem fjalla um einfaldan sannleika þó um algjöran skáldskap sé að ræða.




Prinsinn tekur nokkur vel valin lög á Bryggjinni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HVER FYLGIST MEÐ ÞÉR?



EXPRESS, BRETLANDI
 (UM GILDRUNA)

„Æsispennandi glæpasaga eftir Lilju Sigurðardóttur sem kann þá list að halda lesandanum föngnum.“
 JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR



Lilja er tilnefnd til breska Gullrýtingsins, virtustu glæpasagnaverðlauna heims

Hörkuspennandi og hröð saga úr samtímanum, með pólitísku ívafi

Hvað? 20 ára Afmæli The Big Lebowski – föstudagspartísýning
Hvenær? 20.00
Hvar? Bíó Paradís, Hverfisgötu
 Það er 20 ára afmæli The Big Lebowski í ár svo við ætlum að henda í Treehornskt parti (eða því sem næst). Sloppar, teppi, hvítir rússar á far out tilbóði í húsinu. Nihilistar velkomnir en merðir haldi sig heima.

Hvað? Útgáfuhöf – Bylting eftir Hörð Torfason
Hvenær? 17.00
Hvar? Eymundsson, Austurstræti Pann 11. október voru tíu ár liðin frá því að Búsáhaldabyltingin hófst og almennur reis upp í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Þúsundir Íslendinga flyktust á Austurvöll til að mótmæla þeirri spillingu og græðgi sem leiddi til þess að stór hluti landsmanna varð fyrir afalli og afkoma þeirra var í uppnámi. Smám saman tóku mótmælin á sig fasta mynd og mánuðum saman komu mótmælendur saman alla laugardaga við undirleik búsáhalda. Kröfur þeirra um lýðræðisumbætur urðu sífellt háværari. Ríkisstjórnin féll.

Sýningar

Hvað? John Zurier – Stundum (yfir mig fjallið)
Hvenær? 17.00

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

DAGSKRÁ

Föstudagur

STÖÐ 2

07.00 Blíða og Blær
07.25 Tommi og Jenni
07.45 Strákarnir
08.10 Curb Your Enthusiasm
08.50 The Middle
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 The Goldbergs
10.40 Restaurant Startup
11.20 Grand Desings: House of the Year
12.10 Feðgar á ferð
12.35 Nágrannar
13.00 Battle of the Sexes
14.55 Curious George
16.20 Satt eða logið Frábær skemmtipáttur sem sjónvarpsmaðurinn Benedikt Valsson stýrir af mikilli snilli en hann tekur á móti fjórum gestum í hverjum þætti sem skipa síðan tvö lið. Þátttökendur í hvoru liði fyrir sig segja sögur af sjálfum sér og andstæðingarnir eiga að geta upp á hvort sagan sé sönn eða lygi. Honum til halds og trausts eru liðsstjórnarnir Auðunn Blöndal og Katla Margrét.
17.00 First Dates
17.45 Bold and the Beautiful
18.05 Nágrannar
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
19.10 Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 The X-Factor
20.30 Suður-ameríski draumurinn Fjórði og mest spennandi „Draumurinn“ hingað til. Skemmtilegir þættir þar sem tvö lið þéystast um Suður-Ameríku í kaplaupi við timann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Péttri Jóhanni.
21.05 Dragonheart: Battle for the Heartfire
22.40 Jarhead
00.40 Lowriders
02.15 Opening Night
03.40 Battle of the Sexes

STÖÐ 2 SPORT

07.50 Frakkland - Ísland
09.30 Þjóðadeildarmörkin
09.50 Þór Þ. - Njarðvík
11.30 Premier League World
12.00 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
12.25 Formúla 1: Japan - Kappakstur
14.30 NFL Gameday
15.00 Rússland - Svíþjóð
16.40 Þór Þ. - Njarðvík
18.20 Haukar - ÍR
20.00 Keflavík - KR
22.10 Domino's körfuboltakvöld
23.50 Belgía - Sviss

STÖÐ 2 SPORT 2

07.20 Rússland - Svíþjóð
09.00 Southampton - Chelsea
10.45 Liverpool - Manchester City
12.25 Messan
13.35 Ísland - Norður-Írland
15.15 Pólland - Portúgal
16.55 Frakkland - Ísland
18.35 Króatía - England
20.45 Þjóðadeildarmörkin
21.05 UFC Now
21.50 Haukar - ÍR
23.30 Keflavík - KR

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Lítt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



SUÐUR-AMÉRÍSKI DRAUMURINN

KL. 20:35

Stórskemmtilegir þættir þar sem tvö lið þéystast um Suður-ameríku í kaplaupi við timann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Péttri Jóhanni.



Frábær föstudagur

Fáðu þér áskrift á stod2.is

THE X-FACTOR UK

KL. 19:25

Einn vinsælasti skemmtipáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fleiri góðum gestum.



DRAGONHEART: BATTLE FOR THE HEARTFIRE

KL. 21:10

Spennandi ævintýramynd um drekann Drago sem fær það hlutverk að finna réttmætan og verðugan erfingja að krúnunni eftir að konungur ríkisins fellur frá.



JARHEAD

KL. 22:50

Hárbeitt og kómísk sýn á líf ungra bandarískra landgönguliða sem eru sendir lítt undirbúnir á vígvöll blóðugra og stjórnlaustra átaka. Myndin er byggð á samnefndri metsúlubók og skartar Jake Gyllenhaal í aðalhlutverki.

GOODBYE CHRISTOPHER ROBIN

KL. 22:10

Stórskemmtileg mynd um breska rithöfundinn Alan Alexander Milne og son hans Christopher Robin en bangsinn hans varð einmitt innblásturinn að hinum vinsælu bókum um Bangsímón.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

stod2.is

STÖÐ 3

19.05 Great News
19.30 Arrested Development
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Fresh Off the Boat
21.15 The Simpsons
21.40 Bob's Burgers
22.05 American Dad
22.30 Silicon Valley
23.00 Eastbound and Down
23.30 Unreal
00.40 Seinfeld
01.05 Friends
01.30 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.47 Doddi litli og Eyrnastór
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Mamma Mu
08.55 Lalli
09.00 Strumparnir
09.25 Ævintýraferðin
09.37 Gulla og grænjaxlarnir
09.48 Stóri og Lilli
10.01 Hvellur keppnisbill
10.13 Tindur
10.23 Mæja býfluga
10.35 K3
10.46 Grettir
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.47 Doddi litli og Eyrnastór
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Mamma Mu
12.55 Lalli
13.00 Strumparnir
13.25 Ævintýraferðin
13.37 Gulla og grænjaxlarnir
13.48 Stóri og Lilli
14.01 Hvellur keppnisbill
14.13 Tindur
14.23 Mæja býfluga
14.35 K3
14.46 Grettir
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.47 Doddi litli og Eyrnastór
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Mamma Mu
16.55 Lalli
17.00 Strumparnir
17.25 Ævintýraferðin
17.37 Gulla og grænjaxlarnir
17.48 Stóri og Lilli
18.01 Hvellur keppnisbill
18.13 Tindur
18.23 Mæja býfluga
18.35 K3
18.46 Grettir
19.00 Alvin og ikornarnir: Ævintýrið mikla



Dóra könnuður, 11.00 og 15.00

GOLFSTÖÐIN

07.20 Inside the PGA Tour
07.45 CIMB Classic
11.45 Keb Hana Bank Open
16.45 Golfing World
17.35 Inside the PGA Tour
18.00 CIMB Classic
22.00 Keb Hana Bank Open
03.00 CIMB Classic

STÖÐ 2 BIÓ

11.40 Game Change
13.35 Sundays at Tiffany's
15.00 Goodbye Christopher Robin
16.45 Game Change
18.45 Sundays at Tiffany's Rómantísk mynd frá 2010 með Alyssa Milano í aðalhlutverki. Myndin fjallar um fullorðna konu sem hlustar á ráð varðandi brúðkaup sitt frá imynduðum vini frá barnæsku.
20.10 Goodbye Christopher Robin
22.00 Una Mögnuð kvikmynd frá 2016 um Unu sem er 27 ára kona sem kemur í vinnuna til Ray til þess að gera upp sambandið sem þau áttu í mörgum árum áður. Þau höfðu hlaupist á brott hlastar á ráð varðandi brúðkaup sitt frá imynduðum vini frá barnæsku.
22.00 Una Mögnuð kvikmynd frá 2016 um Unu sem er 27 ára kona sem kemur í vinnuna til Ray til þess að gera upp sambandið sem þau áttu í mörgum árum áður. Þau höfðu hlaupist á brott hlastar á ráð varðandi brúðkaup sitt frá imynduðum vini frá barnæsku.
23.35 The Hero
01.15 The Boy
02.55 Una

RÚV

13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
13.50 Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
14.20 Katla kemur
15.20 Úr Gullkistu RÚV: Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni
15.50 Úr Gullkistu RÚV: Stúdíó A
16.30 Thorne lækni
17.20 Landinn
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hönnunartrimin
18.16 Anna og vélmennin
18.38 Kóðinn - Saga tölvunnar
18.40 Krakkafréttir vikunnar
19.00 Fréttir
19.15 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Útsvar
21.05 Vikan með Gísla Marteini
21.50 Agatha rannsakar málið - Göngugarpar
22.40 Woman in Gold
00.25 Lewis
01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.45 The Tonight Show
09.30 The Late Late Show
10.15 Siminn + Spotify
12.15 Everybody Loves Raymond
12.35 King of Queens
12.55 How I Met Your Mother
13.20 Dr. Phil
14.05 Son of Zorn
14.30 The Voice
15.15 Family Guy
15.40 Glee
16.25 Everybody Loves Raymond
16.45 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.30 The Voice
21.00 Marvel's Cloak & Dagger
21.50 Marvel's Agent Carter
22.40 Marvel's Inhumans
23.25 The Tonight Show
00.55 Condor
01.45 The Affair
02.45 FBI
03.30 Star
04.15 I'm Dying Up Here
05.00 Siminn + Spotify



The World's Finest Artists' Materials

25% afsláttur
af allri vöru frá
Winsor & Newton

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Giltistími tilboðsverða er til og með 15. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Stór hópur leikara, dansara, sirkuslistamanna og tónlistarfólks skapar lítrikan, óvæntan og fjölbreyttan heim. Chantelle Carey hlaut Grimuverðlaunin fyrir dans- og sviðshreyfingar ársins í Slá í gegn.



82 sýningar á 24 dögum

Dagatal Þjóðleikhússins er þétt en á aðeins 24 sýningardögum verða 82 sýningar sýndar. Elstu menn muna ekki annað eins sýningaflóð. Svo gengur miðasalan bara alveg bærilega líka sem er ekki verra segir **Atli Þór Albertsson**, markaðsstjóri leikhússins.

„Þetta eru rétt tæplega þrjár og hálf sýning á hvern sýningardag,“ segir Atli Þór Albertsson, markaðsstjóri Þjóðleikhússins, en sé dagatal Þjóðleikhússins skoðað sést að í október eru sýndar hvorki meira né minna en 82 leiksýningar á aðeins 24 sýningardögum.

Atli segir að þetta sé mesti fjöldi sýninga sem sýndar hafa verið á svo skömmum tíma á fjöllum hússins. „Það man enginn hér eftir öðru eins og við finnum engar sambærilegar tölur frá fyrri tíð í okkar gögnum svo við leyfum okkur að telja að þetta sé mesti fjöldi sýninga á svona skömmum tíma.“ Atli bendir á að það sé uppselt á flestar af þessum sýningum sem sé auðvitað sérstaklega ánægjulegt.

M i k i l spenna er fyrir Ronju ræningjadóttur í leikstjórn

VID FINNUM ENGAR SAMBÆRILEGAR TÖLUR FRÁ FYRRI TÍÐ Í OKKAR GÖGNUM SVO VID LEYFUM OKKUR AÐ TELJA AÐ ÞETTA SÉ MESTI FJÖLDI SÝNINGA Á SVONA SKÖMMUM TÍMA.

Selmu Björnsdóttur en uppselt er á sýninguna út árið. Miðasala á sýningar ársins 2019 hefst í dag. Aðrar sýningar hafa gengið nánast fyrir fullum sal segir Atli. „Við erum að sýna þétt á öllum okkar sviðum auk þess sem við bjóðum elstu bekkjum leikskólanna upp á sýningar á Sögustund í þessari viku. Það er uppselt á Ronju ræningjadóttur út árið. Eg heiti Guðrún, sem er aðeins sýnd í október, er nær uppselt. Slá í gegn er að klárast, Fly Me to the Moon, Einar Áskell og svo sýningarnar í Þjóðleikhúskjallaranum.

Eins og máltækið segir: Allt er þegar áttatíu og tvennt er,“ segir hann og hlær. benediktboas@frettabladid.is

Leikritið Eg heiti Guðrún hefur farið sigurför um Norðurlönd frá því að það var frumflutt árið 2014.



Stór hópur leikara, dansara, barna og tónlistarfólks tekur þátt í sýningunni um Ronju.



Salka Sól er hin nýja Ronja ræningjadóttir.



Fred og George Weasley opnuðu Harry Potter sýningu í Potsdam

Þeir James og Oliver Phelps, sem léku hina hrekkjóttu Fred og George Weasley í Harry Potter myndunum, voru mættir til Potsdam í Þýskalandi til að opna Harry Potter sýningu þar í borg.

Brostu þeir bræður sínu breiðasta enda hafa þeir notið mikilla vinsælda eftir að hafa leikið í myndunum. Þess má geta að þeir eru miklir unnendur golfs og reyna að spila sem mest. James er með 20 í forgjöf en Oliver er ögn betri hefur 18 í forgjöf. Þeir skora mikið

á gamla samleikara sína að spila við þá golf.

Þetta er í annað sinn sem sýningin stoppar í Þýskalandi og er hún í Caligari Hall fyrir forvitna aðdáendur Harry Potter. Hún er sett upp í 1.600 fermetra rými og má þar finna ýmislegt sem notað var við gerð myndanna. Sýningin hefur ferðast víða og verið sett upp í borgum eins og Boston, Toronto, New York og Sydney. Um fimm milljónir manna hafa skoðað sýninguna. – bb



Leikararnir og tvíburarnir James og Oliver Phelps voru kátir og glaðir þegar þeir opnuðu Harry Potter sýninguna í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/GETTY

KEMPPPI

AFMÆLISTILBOÐ & KYNNING



FASTMIG M 320
Tilboðsverð: 556.760 kr.



MINARCTIG EVO 200MLP 8m barki
Tilboðsverð: 237.959 kr.



MINARC MIG EVO 200
Tilboðsverð: 177.196 kr.



MINARC EVO 180 POWER SOURCE
Tilboðsverð: 92.876 kr.

Nýja
flaggskipið
frá KEMPPPI
X8-MIG

Leikkonur Ólafía Hrönn og Anna Svava sameina krafta sína í nýjum tvíleik, Fly Me to the Moon eftir Marie Jones, höfund leikritsins Með fulla vasa af grjóti.

Kynning á Kemppi rafsuðuvélum 12. október

Landvélar halda upp á 40 ára afmæli KEMPPPI á Íslandi með kynningu á rafsuðuvélum föstudaginn 12. október kl. 14-17. Sérfræðingur frá framleiðandanum verður á staðnum og kynnr nýja flaggskipið X8-MIG, byltingarkennda nýjung frá KEMPPPI. Í tilefni tímamótanna verðum við einnig með vegleg tilboð á KEMPPPI rafsuðutækjum.

Bleikt í október

Október er gjarnan tileinkaður baráttu gegn krabbameini hjá konum og hefur bleiki liturinn verið tengdur áttakinu í mörg ár. Nú er kjörið að draga fram bleiku flíkurnar sem leynast í fataskápnum. Glamour er með nokkrar hugmyndir um hvernig þú getur klæðst litnum og mismunandi tónum hans.



GK Reykjavík, 2NDDAY, 37.995 kr.



Fölbleikan jakka er alveg hægt að nota á haustin og liturinn passar sérstaklega vel við svart.



Zara, 8.995 kr.



Geysir, Stine Goya, 34.800 kr.



Vila, 6.990 kr.



Kendall Jenner klæðist fölbleikum buxum og þunnri peysu í stíl. Þægilegt fyrir gráa haustdaga.



Bleikar gallabuxur, svartur leðurjakki og strigaskór. Einfalt en töff.



Bleik flauelsdragt kemur sér vel í vetur. Notaðu þína við hvítan stuttermabol.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.

● Facebook ● Instagram ● Twitter

Jól með
Sissel

19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU


VIKING
BRUGGHÚS

ICELANDAIR 

SALA FER FRAM Á HARPA.IS/SISSEL
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á SENALIVE.IS/SISSEL


Sena
LIVE!

Lagersala 11.-17. október.

Allt að 80% afsláttur



Börn



Svanur Primaloft® heilgalli
~~17.900 kr.~~ **8.950 kr.**



Esja úlpa
~~67.000 kr.~~ **33.500 kr.**



Arnarhóll jakki
~~29.000 kr.~~ **14.500 kr.**



Básar ullarbolur
~~13.500 kr.~~ **6.750 kr.**

Börn



Sif Primaloft® jakki
~~19.800 kr.~~ **9.900 kr.**



Rok jakki
~~30.000 kr.~~ **12.000 kr.**



Grandi ullarpeysa
~~22.500 kr.~~ **11.250 kr.**



Grímur ullarbolur
~~15.900 kr.~~ **9.540 kr.**

Börn



Loki peysa
~~7.500 kr.~~ **3.750 kr.**



Öxi jakki
~~28.000 kr.~~ **19.600 kr.**



Vindur peysa
~~9.500 kr.~~ **4.750 kr.**



Vík peysa
~~21.000 kr.~~ **12.600 kr.**

Börn



Durinn buxur
~~5.900 kr.~~ **3.540 kr.**



Vík peysa
~~14.000 kr.~~ **5.600 kr.**



Þórsmörk dúnúlpa
~~85.000 kr.~~ **59.500 kr.**



Gola derhúfa
~~2.900 kr.~~ **1.160 kr.**

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

Útsölumarkaður Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri

Opnunartími: mán-fös: 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími: mán-fös: 9-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17

Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is.

BAKÞANKAR

Þórarins
Þórarinssonar



Frelsi til heimsku

Gripum niður í 19. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna: „Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós.“

Hljómar ósköp einfalt en í samfélagi sem er limt saman á lyginni eru mannréttindi orðin valkvæð og eiga ekki við um alla. Alls konar fólk, til hægri, vinstri, í miðjunni og jöðrunum gargar iðulega hátt um mannréttindi þangað til fólk sem því líkar ekki við á að njóta þeirra.

Algengast er að mannréttindum sé kastað fyrir róða þegar einfaldningar og vitleysingar segja eða skrifa einhverja botnlausu rökleysu og auglýsa þannig fávísku sína og úrelt músarholusjónarmið.

Væri einmitt þá ekki lag að nýta skoðana- og málfrelsi sitt, una hinum skoðanavilla að njóta þess sama og kveða hann í kútinn með heilbrigðri rökræðu?

Það er ekki bannað með lögum að vera heimskur. Í raun eru það grundvallarmannréttindi að fá að vera fifl og taka af allan vafa í ræðu og riti.

George Orwell sjá það ómurlega andrúm sem við lifum í fyrir og benti á að rétturinn til þess að segja fólki það sem það vill ekki heyrast er innsti kjarni frelsisins.

Oscar Wilde sneri upp á fleyg orð Voltaires þegar hann sagði: „Má vera að ég sé ósammála þér en ég mun verja út í rauðan dauðann rétt þinn til þess að gera þig að fifli.“

Þæling að hafa þetta bak við eyrað næst þegar ringluð risaeöla sveiflar halanum á samfélagsmiðlum, jafnvel velta fyrir sér hvað felst í mannréttindum og skoða samfélög þar sem þau hafa verið fótum troðin.

Vill eitthvert okkar í alvöru þurfa að orna sér við ylln af brennandi bókum?



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...

AÐ SOFA ER EITT AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ

... MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI Í OKTÓBER

TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

TEMPUR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



Nýjar gerðir og fjölbreytt úrval

TEMPUR
heilsukodda

TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Original

Hönnuð fyrir meiri stuðning

TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mykt

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt er að taka Quick-Refresh áklæðið af TEMPUR dýnuni og þvo.



Betra
BAK

FAKAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is